

Skólanámskrá



Metnaður, trúmennska, tillitssemi, glaðlyndi

Júní 2015, uppfært í janúar 2023

Efnisyfirlit

Inngangur

Hlutverk skólanámskrár Framhaldsskólans á Laugum er að vera vegvísir að því starfi sem þar fer fram. Þar er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans með tilliti til staðhátta og þjónustu við tiltekna markhópa. Í námskránni kemur fram markmiðssetning sem byggist á hlutverki skólans og stefnu að teknu tilliti til áherslna og markmiða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Ný aðalnámskrá framhaldsskóla boðar ákveðnar breytingar sem munu hjálpa til við framþróun skólstarfs, þ.m.t. starf Framhaldsskólans á Laugum. Grunnþættir menntunar, sem kynntir eru þar, munu setja mark sitt á allt skólastarf næstu ár. Skólanámskrá sú, sem hér er kynnt, ber þess augljós merki. Grunnþættirnir skulu endurspeglast í öllu skólastarfi en lykilhæfnin tengir grunnþættina við kröfur um hæfni nemenda.

Skólanámskrá Framhaldsskólans á Laugum skiptist í tvo hluta, almennan hluta og námsbrautalýsingar. Í almenna hlutanum er gerð grein fyrir stefnu skólans, stjórnskipan, innra mati, umgjörð skólstarfs, þjónustu við nemendur, réttindum þeirra og skyldum, aðstöðu og námsfyrirkomulagi. Í þeim hluta námskrárinnar sem fjallar um námsbrautir skólans er að finna lýsingar á þeim. Þar er enn fremur að finna vægi áfanga í einstökum greinum náms og lokamarkmið námsbrauta skólans. Áfangalýsingar eru hluti skólanámskrár, þær eru birtar á heimasíðu skólans.

Skólanámskrá Framhaldsskólans á Laugum er endurskoðuð reglulega samhliða þróun í skólastarfi. Endurskoðun tekur mið af lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla, öðrum lögum og reglum eftir því sem nauðsyn krefur, ásamt því að taka mið af aðalnámskrá framhaldsskóla Mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem gefin var út 2011. Ábyrgðarmaður er skólameistari.

1. Sérstaða, stefnur og markmið

1.1 Stutt yfirlit yfir skólahlald á Laugum

Skólahlald hefur verið samfleytt á Laugum í Reykjadal allt frá árinu 1925 er Alþýðuskóli Þingeyinga hóf göngu sína, síðar nefndur Héraðsskóli Þingeyinga. Á Laugum er því löng og rík menntahefð og er saga Laugaskóla menningarsaga Þingeyinga drjúgan hluta 20. aldar. Á þessum tímum hafa orðið miklar breytingar á skólakerfinu í landinu og þá um leið skólanum á Laugum.

Framhaldsskólinn á Laugum var stofnaður 1988 með sameiningu Héraðsskólans og Húsmæðraskóla Þingeyinga. Á fyrstu árum Framhaldsskólans voru starfræktar fjórar brautir til tveggja og þriggja ára, þ.e. almenn bóknámsbraut, viðskiptabraut, matvælatæknibraut og íþróttabraut. Árið 1990 var matvælatæknibrautin lögð niður og stofnuð ferðamálabraut í hennar stað. Viðskiptabrautin var aflögð 1993 og ferðamálabrautin hvarf af sjónarsviðinu 1996. Það sama ár var félagsfræðibraut sett á laggirnar. Framhaldsskólinn á Laugum hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1993. Fyrst með aðstoð Fjölbrautarskólans í Garðabæ, sem annaðist útskriftina formlega, en síðan 1997 upp á eigin spýtur. Lengi voru skiptar skoðanir um það meðal yfirmanna menntamála hvort skólinn ætti að bjóða upp á fjögurra ára nám til stúdentsprófs eða halda sig við styttri brautir. Stúdentsprófið varð ofan á og frá árinu 1997 hefur skólinn útskrifað stúdenta af félagsfræði-, náttúrufræði- og íþróttabraut.

1.2 Hlutverk Framhaldsskólans á Laugum

Framhaldsskólinn á Laugum starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla nr.92/2008. Hlutverk hans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða öllum nemendum nám við hæfi. Hlutverk skólans er að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífi og frekara nám. Auk þess að þjálfar og hvetja nemendur til þekkingarleitar er áhersla lögð á að efla siðferðisvitund þeirra, heilbrigði til líkama og sálar, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi. Nemendur eru þjálfaðir í sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun.

Í öllu starfi sínu leggur Framhaldsskólinn á Laugum áherslu á að grunnþættir almennrar menntunar, sem koma fram í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, séu hafðir að leiðarljósi. Að læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun séu sýnilegir þættir í námi og kennslu, einnig í skipulagi, starfsháttum og þróunaráætlun skólans.

1.3. Sérstaða skólans

Framhaldsskólinn á Laugum er lítill heimavistarskóli í sveit sem sóttur er af nemendum alls staðar að af landinu og tekur starfsemi skólans mið af því. Lögð er áhersla á að nýta þá kosti sem smæðin, staðsetningin og umhverfið býður uppá. Í skólanum er samfelldur vinnudagur nemenda og kennara.

Sveigjanleiki og einstaklingsbundin námsáætlun eru höfð að leiðarljósi og nemendur fá persónulega leiðsögn í námsferlinu. Horft er til þess að nýta þau tækifæri sem bjóðast við nám og störf nemenda á mismunandi þroska-, getu- og færnistigi. Skólinn hefur náð árangri með þá nemendur sem hafa slakan undirbúning fyrir framhaldsskólanám og öflugir námsmenn mæla með námsfyrirkomulaginu.

Við Framhaldsskólann á Laugum eru fjórar námsbrautir til stúdentsprófs; félagsvísindabraut, íþróttabraut, kjörsviðsbraut og náttúruvísindabraut. Innan hverrar brautar geta nemendur valið mismunandi svið og leiðir sem taka mið af því hvert hver einstaklingur stefnir að stúdentsprófi loknu. Einnig eru skilgreindir mismunandi áfangastaðir í námi, þannig að nemendur eiga kost á mörkuðum námslokum á mismunandi stigum.

Við Framhaldsskólann á Laugum er einnig rekin almenn námsbraut hugsuð fyrir þá sem ekki hafa lokið námsmarkmiðum grunnskólans. Hún byggir algerlega á einstaklingsmiðuðu námi og skil milli almennrar námsbrautar og stúdentsbrauta eru ekki skörp.

Framhaldsskólinn á Laugum rekur námsver á Vopnafirði þar sem nemendum gefst kostur á að stunda framhaldsskólanám með leiðsögn og verkstjórn kennara á staðnum, með reglulegum samskiptum við fagkennara á Laugum auk heimsóknna í skólann (sjá kafla 4.4.7).

Til sérstöðu skólans má einnig nefna öflugt leiklistarstarf í samvinnu við Leikdeild Ungmennafélagsins Eflingar, Tónkvísl, sem er undanfari skólans að Söngvakeppni framhaldsskólanna, auk öflugs félagsstarfs á vegum nemendafélags skólans.

1.4 Menntastefna

Stefna Framhaldsskólans á Laugum er að bjóða nemendum uppá vandað og fjölbreytt nám við hæfi hvers og eins. Lögð er áhersla á, að skólinn sé framsækinn og til fyrirmyndar um kennsluhætti og námsmat, stjórnunarhætti, rekstur, þjónustu og velferð nemenda og starfsfólks. Þá skal þess ætíð gætt að nýta nærumhverfi skólans, s.s. náttúru, söfn, aðra skóla á svæðinu og félagsstarf til aukinnar fjölbreytni og eflingar skólastarfsins.

Lögð er áhersla á eftirtalda þætti:

- Að nemendur geti valið sér námsleiðir og skilgreind námslok við hæfi.
- Að boðið sé uppá skilgreind námslok á mismunandi stigum og stúdentspróf sem tekur m.a. mið af framtíðaráformum nemenda
- Að undirbúa nemendur sem allra best undir frekara nám eða þátttöku í atvinnulífi.
- Að taka mið af þroska og getu einstaklings en leggja um leið áherslu á færni nemenda til samvinnu við aðra um úrlausn verkefna.
- Að hvetja og efla kennara og aðra starfsmenn skólans til sí- og endurmenntunar.

1.4.1 Almenn markmið og leiðir

Lögð er áhersla á að í skólanum ríki góður staðblær. Nám og kennsla skal einkennast af verkefnavinnu og símati þar sem áhersla er lögð á námshæfni og getu hvers og eins. Þessum markmiðum hyggst skólinn ná með því að:

- leitast við að sinna öllum nemendum skólans á einstaklingsmiðaðan hátt, þar sem tekið er tillit til námsgetu og þroska hvers einstaklings og hann búinn undir áframhaldandi nám og þátttöku í atvinnulífinu
- efla og styrkja sjálfsmynd nemenda og hvetja þá til samvinnu um úrlausn hinna margvíslegustu verkefna bæði í námi og félagslífi. Lykill að þessum markmiðum er öflug ráðgjöf um störf, nám og persónulega hagi
- búa nemendum hlýlegt og aðlaðandi vinnuumhverfi sem hvetur til góðs námsárangurs og heilbrigðs lífennis í hvívetna. Ein forsenda þess er góð umgengni um skóla og umhverfi
- kennsluhættir taki mið af fjölbreyttum hópi nemenda og mismunandi námsleiðum

Í Framhaldsskólanum á Laugum er nemendum og starfsfólki búið gott og öruggt vinnuumhverfi. Þessu marki hyggst skólinn ná með því að

- taka vel á móti nýjum nemendum og starfsmönnum
- setja fram sérstaka starfsmannastefnu (sjá kafla 2.5)
- fylgja öryggisreglum og kynna þær reglulega
- stuðla að símenntun starfsmanna í skyndihjálpi
- gera áætlun í áfallahjálpi og endurskoða hana reglulega
- uppbygging, breytingar og viðhald húsnæðis taki mið af starfsemi og sé gert í samráði við starfsmenn og nemendur.

Í Framhaldsskólanum á Laugum er notkun upplýsingatækni og miðlun upplýsinga lykilláttur í starfsemi. Þessu markmiði hyggst skólinn ná með því að

- allir nemendur og starfsmenn hafi aðgang að tölvukerfi skólans

- að halda úti lifandi vefmiðli
- allir kennarar noti Microsoft Teams kennsluumsjónar- og samskiptakerfið til að miðla sem mestu af upplýsingum um námið til nemenda og annarra kennara
- mikilvægar upplýsingar um skólann, s.s. námið, reglur, stefnur, starfsfólk og þjónustu séu aðgengilegar á heimasíðu skólans

1.4.2 Náms hæfni

Námshæfni er undirstöðupáttur í öllu skólastarfi og byggist á sjálfsskilningi og áhuga.

Námshæfni felur einnig í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Náms hæfni byggist á eðlislægri forvitni, áhugahvöt, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt.

Framhaldsskólinn á Laugum hyggst ná markmiðum um námshæfni með því að bjóða upp á nám í góðum staðblæ og örvandi námsumhverfi, þar sem þess er gætt, að nemandinn samþætti þekkingu sína og leikni samtímis því að hann þjálfast í samskiptum sem byggjast á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Þess skal einnig gætt, að nemandinn æfist í því, að tjá skoðanir sínar og útskýra verklag sitt á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt. Hugtakið hæfni felur í sér þekkingu og leikni og er samofið siðferðilegum viðhorfum nemenda.

Liður í námshæfni nemenda er að efla læsi og tjáningu jafnt á móðurmáli og erlendum tungumálum. Það sama gildir um læsi á tölur, umhverfi og aðrar upplýsingar. Um leiðir að þessum markmiðum er vísað í kafla um almenn markmið sem lúta að námi, kennslu og námsmati. Skólinn setur fram sérstaka áætlun við móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku og hvernig íslenskunámi þeirra og öðru námi er sinnt. Áætlunin er birt á heimasíðu skólans.

1.4.3 Heilbrigði og félagsstarf

Framhaldsskólinn á Laugum er þátttakandi í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli* og vinnur markvisst að þeim markmiðum sem þar eru sett fram um hreyfingu, næringu, geðrækt og lífsstíl. Verkefnið byggist á þeirri stefnu að nálgast forvarnir út frá víðtæku og jákvæðu sjónarhorni með það að markmiði að stuðla að vellíðan og auknum árangri allra í skólasamfélaginu, nemenda og starfsfólks. Verkefnið veitir aukin tækifæri til að efla tengslin við nærsamfélagið og auka þannig tækifæri nemenda og starfsfólks til að tileinka sér jákvæðan og heilbrigðan lífsstíl.

Framhaldsskólinn á Laugum leitast við að halda uppi öflugum forvörnum gegn notkun fíkniefna, löglegra jafnt sem ólöglegra. Þetta er meðal annars gert með því að uppfærða nemendur um afleiðingar notkunar þessara efna og eru m.a. fengnir gestafyrirlesarar til að fjalla um þessi málefni. Skólinn vinnur í góðu samstarfi við fíkniefnadeild lögreglunnar á Húsavík og Akureyri. Skólareglur banna neyslu allra vímuvaldandi efna á lóð skólans, í húsum hans og í ferðalögum á vegum skólans. Áhersla er lögð á að þeim reglum sé fylgt vel eftir. Ítarlega forvarnarstefnu skal birta og uppfæra reglulega á heimasíðu skólans. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugum félagsstarfi þar sem nemendur fá æfingu í félagsstörfum og lýðræðislegu starfi. Félagið sér um skipulag árshátíðar skólans, þorablóts, Tónkvíslar auk smærri viðburða allan veturinn og hvetur alla nemendur skólans til þátttöku í félagslífinu. Þá eru farnar menningarferðir auk skólaheimsóknar. Nemendur taka þátt í kynningu skólans út á við og starfsmaður skólans er nemendum innan handar í félagslífinu.

Skólinn býður uppá öflugt og fjölbreytilegt íþróttastarf og góða gjaldfría íþróttaaðstöðu. Við skólann er starfsnám í íþróttum sem m.a. stendur á hverju ári fyrir grunnskólamóti. Þá geta nemendur tekið þátt í leiklistarstarfi í samvinnu við U.M.F Eflingu. Nemendur Framhaldsskólans hafa árum saman tekið virkan þátt í því starfi.

Nemendur og starfsfólk njóta þjónustu hjúkrunarfræðings einu sinni í viku og sálfræðings að lágmarki á

tveggja vikna fresti. Læknir er á Laugum að jafnaði einu sinni í viku.

Við skólann starfar mötuneyti sem framreiðir fimm máltíðir á dag. Þar er þess gætt að hafa fjölbreytt og hollt fæði

Á heimavistum skólans er þess gætt að nemendur fái næga hvíld og þar gilda ákveðnar reglur um umgengni og framkomu. Virðing er borin fyrir einkalífi nemenda og þess gætt að heimavistarherbergin eru þeirra heimili meðan á skólavist stendur. Heimavistarstjóri stýrir heimavistinni og húsbændur ganga vaktir á kvöldin og um nætur, eru nemendum til halds og trausts og framfylgja vistarreglum.

1.4.4 Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans og allir eiga að hafa möguleika á því að taka virkan þátt í mótun skólasamfélagsins. Í lýðræðisríki er gert ráð fyrir að borgararnir búi við full mannréttindi. Á vettvangi skólans hefur lýðræði tvenns konar gildi. Í fyrsta lagi tekur skólinn mið af því að ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi. Í öðru lagi þarf að hafa hugfast að í öllum starfsháttum og framkomu fólks á að bera virðingu fyrir manngildi hvers og eins. Hlustað skal á raddir nemenda, kennara og starfsmanna við ákvarðanatöku.

Jafnrétti eru mannréttindi. Í Framhaldsskólanum á Laugum er lögð áhersla á að sérhver einstaklingur njóti jafnréttis. Þessi markmið skal nálgast með því að:

- gæta þess að einstaklingum sé ekki mismunað í daglegum samskiptum og þar ríki umburðarlyndi
- gæta jafnréttis við inntöku nemenda
- flétta fræðslu um mannréttindi og jafnréttismál inn í skólastarfið eftir því sem við verður komið
- vinna gegn hvers konar fordómum eftir því sem færi gefst
- leggja áherslu á að búa alla nemendur undir virka þátttöku í samfélaginu.

Skólameistari ber ábyrgð á því að jafnréttisstefnu sé framfylgt og viðhaldið. Jafnréttisfulltrúi er skipaður af skólameistara og fundar með honum um endurskoðun og framkvæmd jafnréttisstefnu skólans. Áætlun þar um er birt í heild sinni á heimasíðu skólans og hana ber að endurskoða á þriggja ára fresti.

1.4.5 Viðbrögð við einelti

Áætlun um viðbrögð við einelti má nálgast á heimasíðu skólans. Hún er kynnt starfsfólki og foreldrum / forráðamönnum nýnema í skólabyrjun ár hvert. Sérstakur starfshópur um einelti vinnur að lausn eineltismála ef þau koma upp. Þrír starfsmenn skólans eiga sæti í hópnum, náms- og starfsráðgjafi, áfangastjóri og heimavistarstjóri. Kanna skal líðan nemenda reglulega í samráði við starfshóp um einelti. Áríðandi er að allir þekki einkenni eineltis. Framhaldsskólinn á Laugum hvetur alla í skólasamfélaginu til að taka afstöðu gegn einelti og ofbeldi í verki með því að bregðast við til hjálpar og láta vita.

Í leiðsagnar- og lífsleiknitímum skal unnið markvisst að fræðslu og æfingu við lausn ágreiningsmála komi þau upp. Öllum á að líða vel í skólanum, allir eiga að njóta virðingar sem einstaklingar.

1.4.6 Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar

Í starfi Framhaldsskólans á Laugum skal horft til sköpunargleði, frumkvæðis og frumleika. Í sköpun felst það, að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, vekja forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir. Sköpun byggir á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Í sköpuninni felst einnig hagnýting hugmynda.

1.4.7 Menntun til sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í sjálfbærnimenntun felst það, að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur þroskast sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa. Þetta á við um náttúru og umhverfi, lýðræði, mannréttindi og réttlæti, jafnrétti og fjölmenningu, velferð og heilbrigði, efnahagsþróun og framtíðarsýn.

Í sjálfbærnimenntun felst einnig að ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Í kennslu og starfsháttum Framhaldskólans á Laugum skal horft til þess, að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því, að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að nemendur taki þátt í samfélaginu.

1.5 Umhverfisstefna

Umhverfisstefna skólans er birt á heimasíðu. Lögð er áhersla á snyrtilegt og heilnæmt umhverfi skólans þar sem markvisst er stefnt að því að rekstur skólans sé eins umhverfisvænn og kostur er. Unnið skal að markmiðum þar að lútandi. Lögð er áhersla á umhverfisfræðslu og hún samtvinnuð flestum námsgreinum og starfi skólans. Stöðugt verði fylgst með nýjungum á sviði umhverfismála og þekkingu miðlað til starfsmanna og nemenda. Leitað skal eftir samstarfi við sveitarfélagið Þingeyjarsveit í umhverfismálum.

1.6 Framtíðarsýn - þróunaráætlun

Skólanámskrá í stöðugri endurskoðun er vísir að farsælu þróunarstarfi. Skóli er í eðli sínu íhaldssöm stofnun, það er því hluti af framtíðarsýn að halda í það sem vel hefur gefist í gegnum árin og áratugin. Undanfarin ár hefur verið unnið að þróunarverkefni sem miðar að breytingum á innra starfi skólans, s.s. aukinni áherslu á einstaklingsmiðað nám og símat. Haldið verður áfram á þeirri braut og það starf þróað í takt við áherslur nýrrar námskrár.

Í Framhaldsskólanum á Laugum skal lögð rík áhersla á sí- og endurmenntun kennara, stjórnenda og annars starfsfólks skólans. Hvatt skal til aukinnar umræðu og aðkomu flestra þeirra er að skólastarfi koma við mótun framtíðarsýnar skólans. Stefnt skal að skólafundum með aðkomu foreldra og skólanefndar ásamt nemendum og starfsmönnum skólans í því sambandi að efla og styrkja samkennd og samhug í stefnumótum. Mikilvægt er að Framhaldsskólinn á Laugum vinni að auknu samstarfi heimilis og skóla. Aðstæður marka starfi hugsanlegs foreldraráðs óneitanlega bús sökum fjarlægðar margra foreldra við skólann. Skólinn sinnir bæði lögráða og ólögráða nemendum. Samstarf á milli skólans og foreldra ólögráða nemenda er mikilvægt, m.a. í því að draga úr skilum á milli skólastiga, veita nemendum styrk og ráðgjöf við hæfi, minnka brottfall úr skóla og efla forvarnir. Þá er slík samvinna mikilvæg bæði skóla og foreldrum í því skyni að efla skilning á sameiginlegu verkefni sem er uppeldi og nám ólögráða einstaklings. Stefnt skal að stofnun foreldraráðs í einhverri mynd við Framhaldsskólann á Laugum enda skulu slík ráð starfa í hverjum skóla, til stuðnings skólastarfi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla. Virkt samstarf hefur verið á milli Framhaldsskólans á Laugum og nokkurra grunnskóla á svæðinu um nám af ýmsu tagi. Grunnskólanemendur geta hafið nám í framhaldsskóla samhliða grunnskólanámi ef fyrir liggur samkomulag milli viðkomandi grunnskóla og framhaldsskóla um framkvæmdina. Þannig nám hefur farið fram í Framhaldsskólanum á Laugum undanfarin ár og verður lögð áhersla á áframhaldandi og aukið samstarf á því sviði.

Framhaldsskólinn á Laugum vill vera í samstarfi við atvinnulíf nærsamfélagsins. Það samstarf getur beinst að þörfum fyrirtækja fyrir menntað starfsfólk og/eða þörfum nemenda skólans fyrir vinnustaðanáám eða starfsþjálfun. Reynsla er af samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki, íþróttafélög, bændur, véla- og


trésmíðaverkstæði og ýmsa aðra starfsemi á svæðinu.

Framhaldsskólinn á Laugum er stór vinnustaður og hefur því mikil áhrif á nærumhverfi sitt. Huga þarf að stöðu hans í því samfélagi sem hann er hluti af. Gott orðspor skólans út á við þarf að hafa samhljóm í nærsamfélaginu. Líta ætti til samstarfsverkefna við aðra skóla, félagasamtök og næsta umhverfi.

Stefnt skal að áframhaldandi þróun tengsla Framhaldsskólans á Laugum við framhaldsskóladeildir sínar á Vopnafirði og Þórshöfn. Þá er æskilegt að hyggja að möguleikum á samstarfsverkefnum við erlenda skóla auk nemendaskipta.

Framhaldsskólinn á Laugum ætlar sér að verða skóli á hreyfingu sem reynir að nýta tíma kennara og nemenda á sem bestan og einstaklingsmiðaðan hátt. Þannig er stefnt að því að mæta hverjum og einum þar sem hann er. Ennfremur er miðað að því að nýta sem best þá kosti sem felast í rafrænu námsumhverfi. Stefnt er að því að lýðheilsa og umhverfismál verði stoðir undir skólastarfið. Eiga þær áherslur að verða greinilegar í öllum kenndum áföngum sem og í öðru starfi skólans. Unnið er með eftirfarandi lykilhugtök í þeirri vinnu; Líkaminn, hreyfing, næring, hvíld, geðheilbrigði, siðvitund, félagsfærni, kynheilbrigði, umhverfi, menning, listir og upplýsingalæsi.

2. Stjórnskipan, nefndir og ráð



2.1 Skólanefnd

Hlutverk skólanefndar er m.a. að marka áherslur í starfi skóla og vera skólameistara til samráðs, m.a. um námsframboð skóla. Henni ber einnig að veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með framkvæmd hennar. Einnig skal skólanefnd staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar. Í skólanefnd sitja fimm einstaklingar. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu þeirra sveitarfélaga sem að skólanum standa og þrír án tilnefningar. Nefndin er skipuð til fjögurra ára en kýs sér formann til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar eru tveir, með málfrelsi og tillögurétt, tilnefndir til eins árs. Annar er úr hópi kennara, hinn frá nemendum. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt, auk þess sem hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

2.2 Skólaráð

Skólaráð er skipað skólameistara, áfangastjóra, tveimur fulltrúum kennara og tveimur fulltrúum nemenda. Skólaráð er tengiliður milli kennara, nemenda og yfirstjórnar skólans. Hlutverk þess er að vera skólameistara til aðstoðar og ráðgjafar við stjórn skólans. Skólaráð er auk þess vettvangur nemenda til að fylgjast með og hafa áhrif á ákvarðanir í málefnum skólans. Skólameistari er oddviti skólaráðs og stýrir fundum þess.

2.3 Foreldraráð

Skólinn hvetur foreldra og forráðamenn nemenda til samstarfs við skólann og stofnun foreldraráðs.

2.4 Árleg starfsáætlun

Í starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans, mikilvægum dagsetningum og öðrum grunnupplýsingum. Í starfsáætlun er einnig að finna upplýsingar um starfsmenn skólans. Upplýsingar um fulltrúa í stjórn, í skólanefnd, skólaráði, nemendafélagi og foreldraráði er að finna á heimasíðu skólans, þar má einnig sjá skóladagatal, upplýsingar um starfslið og starfslýsingar. Skóladagatal næsta skólaárs skal liggja fyrir áður en skóla lýkur að vori. Fundaplan er lagt fram í upphafi hverrar annar. Þar kemur fram hvenær kennarafundir, starfsmannafundir og leiðsögukennarafundir skuli haldnir.

2.5 Starfsmannastefna

Móttaka nýrra starfsmanna er í höndum og á ábyrgð skólameistara og áfangastjóra.

Framhaldsskólinn á Laugum gerir kröfur um hæfi starfsmanna í samræmi við gildandi lög. Markmið með starfsmannastefnu Framhaldsskólans á Laugum eru

- að tryggja starfsfólki góð starfsskilyrði
- að sjá um að starfsfólk sé vel upplýst um verkefni sín og skyldur
- að stuðla að fræðslu og endurmenntun starfsfólks
- að tryggja að gagnkvæmt traust og gott samstarf ríki innan stofnunarinnar
- að stuðla að uppbyggilegri og faglegri umræðu um skólamál
- að skapa fjölskylduvænt starfsumhverfi
- að tryggja að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum sviðum.

Laun og önnur kjör starfsfólks taka mið af kjarasamningum stéttarfélaga viðkomandi starfsmanna. Starfsfólk Framhaldsskólans á Laugum hefur jafnan rétt til endurmenntunar og því skal gefinn kostur á að sækja námskeið, málþing og/eða fagráðstefnur til að auka færni sína í starfi. Endurmenntunarstefna er hluti af stofnanasamningi.

Handbók kennara er ætluð sem stuðningur við kennara bæði nýja í starfi og þá sem eldri eru. Í handbókinni er að finna helstu upplýsingar fyrir kennara varðandi skólastarfið og móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk. Handbók kennara skal vera í heild sinn á innri vef skólans. Áfangastjóri tekur saman efni í handbók fyrir kennara og uppfærir hana reglulega.

Starfsmönnum gefst að minnsta kosti einu sinni á ári kostur á starfsmannaviðtali við skólameistara eða áfangastjóra.

2.6 Skólafundir

Hver önn hefst á skólafundi. Þar að auki er hvatt til þess að haldnir séu skólafundir 2-3 yfir skólaárið. Tilgangur fundanna er að miðla upplýsingum og hvetja til samræðu milli nemenda, kennara og annars starfsfólks um málefni sem tengjast skólabrag og innra starfi skólans. Til skólafunda eru boðaðir allir nemendur, kennarar, annað starfsfólk og skólanefnd. Fundirnir eru undir stjórn skólastjórnenda eða annarra sem þeir fela það verkefni hverju sinni.

2.7 Kennarafundir

Kennarafundir eru haldnir reglulega og er kennurum skylt að taka þátt í þeim. Til þeirra er boðað með dagskrá. Skólameistari stýrir alla jafna kennarafundum eða felur öðrum fundarstjórn, hann heldur einnig utan um fundargerðir. Almennir kennarafundir fjalla um stefnumörkun í starfi skólans, m.a. námsskipan, kennsluhætti, námsmat og skipulag starfstíma skólans. Skólanefnd, skólameistari og skólaráð geta leitað umsagnar kennarafundar um önnur mál. Kennarafundur getur haft frumkvæði að því að mál komi til meðferðar skólanefndar og/eða skólaráðs.

2.8 Starfsmannafundir

Starfsmannafundir eru vettvangur upplýsingagjafar og skoðanaskipta allra starfsmanna skólans. Þar hafa stjórnendur tækifæri til að kynna stefnumörkun og áherslur í hinum margvíslegustu málefnum stofnunarinnar. Skólameistari boðar til starfsmannafunda og stýrir þeim.

2.9 Meðferð ágreiningsmála starfsmanna

Leitast er við að leysa ágreiningsmál innan skóla. Rísi ágreiningur milli kennara og/eða annarra starfsmanna Framhaldsskólans og takist hlutaðeigandi aðilum ekki að finna lausn á málinu er því vísað til skólameistara. Uni málsaðilar ekki niðurstöðu skólameistara má vísa málinu til skólanefndar FL og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytisins eftir atvikum.

3. Innra mat

Framhaldsskólinn á Laugum metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40.og 41. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Innra mati Framhaldsskólans á Laugum er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum innra starfs, auk þess að vera hluti af þróun skólastarfs.

Markmið innra mats og eftirlits með gæðum innra starfs í framhaldsskólum er að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Sjálfsmatsskýrsla er skrifuð í lok hvers skólaárs og er birt á heimasíðu skólans. Þar má finna sjálfsmatsáætlun skólans til þriggja ára í senn. Tekið skal tillit til sjálfsmatsskýrslu í hvert sinn sem skólanámskrá er endurskoðuð. Gera skal ráð fyrir því að umræða um efni skýrslunnar fari fram á vettvangi skólans.

Sjálfsmatsteymi er skipað af skólameistara. Í teyminu eiga sæti tveir starfsmenn skólans.

4. Námið

Námið við Framhaldsskólans á Laugum á að vera fjölbreytt, krefjandi og þroskandi. Það skal ætíð vera í samræmi við menntastefnu skólans og aðalnámsskrá. Námið á að mæta ólíkum þörfum, getu og áhugasviðum nemenda. Því skal leitast við að nemendur fái viðfangsefni við hæfi og séu hvattir til virkrar þátttöku, vinnusemi, sjálfstæðra og agaðra vinnubragða og góðs árangurs.

Nemendur eru hvattir til gagnrýnninnar og skapandi hugsunar og að hafa áhrif á nám sitt og námsumhverfi þar sem þeir starfa saman á jafnréttisgrundvelli og þroska með sér réttlætiskennd, ábyrgð og aukna samskiptahæfni. Þjálfun í læsi, í viðtækum skilningi, er höfð að leiðarljósi, þar sem lögð er áhersla á þekkingu, hæfni og leikni nemenda til að lesa og skilja eigið tungumál, erlend tungumál, auk gagna og upplýsinga um margvísleg umfjöllunarefni á ýmsu formi. Leitast ber við að tengja viðfangsefni skólastarfsins sögu, menningu, atvinnulífi, náttúru og umhverfi nemenda eins og því verður best við komið.

Í nýrri námsskrá Framhaldsskólans á Laugum er gert ráð fyrir því að blanda skapandi greinum og/eða félagsstörfum saman við nám í skólanum. Er þar átt við greinar sem byggja á listsköpun, lýðræði, félagsmálum o.fl. Áhersla verður lögð á að styðja við félagsstörf nemenda með kennslu og/eða leiðsögn.

4.1 Námsleiðir og áfangastaðir (námslok)

Í skólanum fá nemendur leiðsögn og aðstoð við að velja nám sem nýtist þeim best miðað við þau framtíðaráform sem þeir hafa. Skilgreindir eru nokkrir áfangastaðir í náminu. Allir nemendur ættu því að geta lokið ákveðnum áfanga í náminu.

- **Almenn gráða** - nám í þrjár annir og a.m.k. 90 einingum lokið þar sem lagt er mat á vinnuframlag nemandans.
- **Stúdentspróf** - 200 einingar

Allar haustannir hefjast á nýnemavíku, svonefndum **Brunni**, sem er ein eining náms á fyrsta hæfniprepi. Í Brunni er farið í hópefli, lífsstíl, stöðumat, grenndarkynningar, upplýsingatækni, námstækni og fleira til þess að nýir nemendur geri sér grein fyrir því hvernig námið fer fram, hvaða kröfur og væntingar eru gerðar til þeirra og til að gera nemendur hæfari til að takast á við komandi verkefni. Áherslur í námi eldri nemenda í Brunni eru á nám sem snýr að jafnrétti, lýðræði og sjálfbærni.

Allar stúdentsbrautir hafa **almennan kjarna** sem samanstendur af fyrirfram skilgreindum einingum. Almennur kjarni er sá hluti námsins sem er sameiginlegur fyrir alla sem stunda nám í Framhaldsskólanum á Laugum. Nemendur almennrar brautar geta tekið sinn kjarna á fyrsta hæfniprepi.

Áhersla er lögð á sköpun og tjáningu í öllu námi. Í kjarna allra námsbrauta eru einnig 5 einingar í list- og verkgreinum. Á hverri önn er boðið uppá mismunandi áfanga í list- og verkgreinum. Þeir geta verið frá 1 einingu upp í 5 einingar. Allir nemendur þurfa á skólagöngu sinni að ljúka list- og verkgreinanámi sem samsvarar a.m.k. 5 einingum.

Þeir nemendur sem stefna á **stúdentspróf** geta valið um fjórar brautir: Félagsvísindabraut, íþróttabraut, kjörsviðsbraut og náttúruvísindabraut. Almennur kjarni, kjarnagreinar og danska stúdentsbrautanna er 91-131 eining. Innan hverrar brautar eru 50-60 einingar á sérsviði. Nokkuð val getur verið innan sviðsins. 19-49 einingar eru frjálst val. Það getur verið á hvaða hæfniprepi sem er ef nemendur hafa uppfyllt skilyrði um þrepaskiptingu í öðrum hlutum námsins.

Námið er að miklu leyti kennarastýrt í upphafi en verður nemendastýrðara eftir því sem nemendur eru lengra komnir í náminu. Áhersla er lögð á að nemendur læri sjálfstæð vinnubrögð, séu meðvitaðir um eigin námsframvindu og setji sér raunhæf markmið. Þannig geti þeir beint námi sínu inná áhugasvið sín. Hlutur verkefnadrifins náms innan áfanga verður meiri eftir því sem á líður, og nemandanum gefst aukinn kostur á

að móta sitt eigið nám.

Sveigjanleika í námi felst í vali nemenda um áfanga sem ætíð mun þó taka mið af námsframboði skólans. Námsfni af Netinu og samstarf við aðra skóla gæti aukið möguleika nemenda á fjölbreyttara námsvali. Þetta er í samræmi við aðrar áherslur í námskránni um að vinna nemenda verði sjálfstæðari eftir því sem lengra er komið, þeir geti valið verkefni sem tengjast áhugasviði þeirra og áframhaldandi námi, auk þess að hafa tök á samþættingu námsgreina.

4.2 Námsumhverfi

Hefðbundinn skóladagur hefst á morgunmat kl. 8:45. Kennsla byrjar kl. 09:15 og er samfelld til kl. 15:30, með hádegishléi nema á föstudögum þegar kennslu lýkur kl. 14:30. Almenn íþróttakennsla fer þó fram á milli kl. 16-18. Að skóladegi loknum gefst nemendum kostur á að sinna félags- og tómstundastörfum. Gert er ráð fyrir því að nemendur ljúki alla jafna vinnu sinni innan hefðbundins skóladags. Skóladagurinn er samfelldur hjá öllum nemendum skólans.

Námið fer fram að mestu leyti fram í **vinnustofum** en einnig geta kennarar óskað eftir að taka nemendur í **fastíma** (úttekt). Með *fastíma* er átt við tiltölulega hefðbundna kennslustund þar sem einn eða fleiri fagreinakennarar stýra nemendahópi eða hluta hans. Kennslustundin er í ákveðnu fagi og er fyrir þá nemendur sem eru innritaðir í áfangann. Mjög mismunandi er á milli vikna og faga hversu margar fastímar eru í hverju fagi og hversu langir en þeir geta verið frá 30 mínútum og upp í heilan skóladag. Með *vinnustofum* er átt við opin vinnurými, þar sem allir nemendur (utan þeirra sem eru í fastíma í það skiptið) nema undir leiðsögn kennara. Hver nemandi hefur sitt heimasvæði (eigin vinnuaðstöðu).

Vinnustofurnar hefjast á standandi fundi hvern morgun þar sem nemendur þurfa að gera grein fyrir áætlunum sínum í náminu þann daginn og hvort þeir þarfnist aðstoðar og þá við hvað. Stundaskráin er fljótandi að þannig að hún er breytileg frá viku til viku og þannig er hægt að nýta tíma nemenda og kennara betur. Í námstíma skipuleggja nemendur sjálfir, með aðstoð kennara, viðfangsefni sín og velja hvaða fag þeir vilja leggja áherslu á hverju sinni. Vinnustofukerfið kallar á aukið sjálfstæði og aukna ábyrgð nemenda á námi sínu, þar sem hver og einn fær persónulega leiðsögn og aðstoð við að meta styrkleika sína og veikleika. Með þessu móti geta nemendur í meira mæli notað þær vinnuaðferðir sem henta þeim best og skila mestum námsárangri.

Lögð er áhersla á **sveigjanlegt námsumhverfi** og **persónubundið nám**. Með *sveigjanlegu námsumhverfi* og *persónubundnu námi* er átt við að nemendur stundi nám sitt í opnu vinnurými undir verkstjórn kennara, auk þess sem kennarar eru með fastíma með sínum hóp eða hluta hans. Þetta kallar á fjölbreyttari námsaðferðir. Engar eyður eru í stundaskrá nemenda og það gefur nemandanum færi á að nýta tíma sinn betur, bæði til náms og tímstunda. Með slíkri umgjörð opnast möguleiki til að sinna öllum nemendum sem einstaklingum, bæði þeim sem standa höllum fæti í námi og ekki síður þeim sem búa yfir mestri námslegri færni. Nemendur geta tekið ákveðna námsáfanga eða námsbrautir á þeim hraða sem þeir ráða við og í boði eru hverju sinni. Ávallt er þó æskilegt, að námshraði sé valinn í samráði við námsráðgjafa og/eða leiðsagnarkennara. Kjósi nemandi að hraða námi sínu kallar það á meira vinnuframlag utan hefðbundins skóladags

4.3 Kennsluaðferðir

Í Framhaldsskólanum á Laugum er kennsla:

- **Fjölbreytt**, þar sem leitast er við að haga kennslu þannig að kennsluhættir geri öllum nemendum kleift að tileinka sér þekkingu og öðlast þá hæfni og leikni sem stefnt er að hverju sinni. Kennarar hafa svigrúm til að þróa sínar kennsluaðferðir til aukins árangurs fyrir nemendur.
- **Einstaklingsmiðuð**, þar sem leitast er við að mæta mismunandi forsendum nemenda þannig að hver og einn fái sem best notið hæfileika sinna.

- Áhugavekjandi, þar sem lögð er áhersla á virkja nemendur til þátttöku og nýsköpunar á sem flestum sviðum.
- Hvetjandi og uppbyggjandi, þar sem áhersla er lögð á að nemandinn öðlist trú á eigin getu og hæfileika. Kennari væntir ætíð árangurs.
- Skapandi, þar sem hvatt er til hugmyndaauðgi og sköpunargleði einstaklingsins í þeim verkefnum sem honum eru falin
- Skipuleg og markviss, þar sem nemendur fá skýr skilaboð um þær væntingar og kröfur sem gerðar eru til þeirra varðandi ástundun, vinnubrögð og árangur.
- Í tengslum við nærumhverfið, þar sem viðfangsefni tengjast nærsamfélaginu og auka þannig skilning og virðingu nemenda fyrir þeirra nánasta umhverfi.
- Í takti við tímann, þar sem tekið er mið af nýjungum á sviði kennsluhátta og upplýsingatækni. Vendikennsla skipar ríkan þátt í skólalífinu sem og undirbúningur undir rafrænt samfélag.

4.4 Þjónusta á kennslusviði

4.4.1 Leiðsögukennarar

Allir nemendur Framhaldsskólans á Laugum fá sinn leiðsögukennara þegar þeir hefja nám við skólann. Leiðsögukennarar fylgja nemendum sínum og veita persónulega leiðsögn í gegnum alla skólagönguna. Leiðsögukennarar hitta sína leiðsögunemendur á fundi/um, auk þess sem þeir eiga við þá einstaklingsviðtöl. Hlutverk þeirra er m.a. að fylgjast með ástundun og námsframvindu nemenda. Þeir aðstoða nemendur við að setja sér markmið, við námsval og námsáætlanagerð. Leiðsögukennarar eru tengiliðir milli aðila innan skólans um öll málefni sem varða leiðsögunemendur þeirra. Þeir veita foreldrum/forráðamönnum upplýsingar er varða skólavist nemenda undir 18 ára aldri.

4.4.2 Kennari á bókasafni

Bókasafn með lesaðstöðu er staðsett á rishæð í Gamla skóla. Þar er m.a. upplýsingamiðstöð fyrir nemendur, kennara og starfsfólk skólans. Starfsemi bókasafnsins styður nám, kennslu, félagslíf og þróunarstarf í skólanum. Nemendur geta kosið að sinna vinnu sinni í vinnustofutímum á bókasafni skólans. Þar er alltaf aðgangur að kennara. Kennari á bókasafni heldur uppi aga og góðum vinnufriði þar og aðstoðar nemendur við námið.

4.4.3 Námsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi er nemendum til ráðgjafar og aðstoðar við lausn vandamála sem tengjast námi eða félagslegum og persónulegum þáttum skólavistarinnar. Náms- og starfsráðgjafi er bundin þagnarskyldu. Hann er ráðunautur kennara um vandamál nemenda og hefur samband við forráðamenn nemenda í samráði við þá og skólameistara. Hann sér um náms- og starfsfræðslu skólans og annast ráðgjöf um náms- og starfsval nemenda. Í starfi skólans er lögð áhersla á eftirfarandi þætti í náms- og starfsráðgjöf

- að efla þekkingu nýnema á starfsháttum og námsbrautum skólans í byrjun hverrar annar
- að fræða nemendur um starf og þjónustu náms- og starfsráðgjafa í skólanum
- að aðstoða nemendur við náms- og starfsval
- að sjá til þess að allir nemendur skólans geti nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa
- að hvetja til öflugs samstarfs námsráðgjafa, leiðsögukennara og fagkennara til velferðar nemendum.
- að hvetja til heilbrigðs lífnis og heilsuræktar nemenda
- að leggja áherslu á áfengis- og fíkniefnaforvarnir, kynheilbrigði og geðrækt
- að efla og hvetja til aukins samstarfs við foreldra og forráðamenn ólögráða nemenda
- að vera til ráðgjafar kennurum um vandamál nemenda

4.4.4 Stuðningur við nemendur með takmarkaða kunnáttu í íslensku

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og íslenskir nemendur, sem hafa dvalið lengi erlendis og

hafa þar af leiðandi takmarkaða kunnáttu í málinu, geta sótt um að stunda nám í íslensku samkvæmt sérstakri námskrá. Unnið er með þessum nemendum samkvæmt tiltekinni móttökuáætlun sem sjá má á heimasíðu skólans.

4.4.5 Sértek námsúrræði - nemendur með sérþarfir

Nemendur með sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Eins og áður hefur komið fram er leitast við að koma til móts við þarfir allra nemenda með persónubundinni námsáætlun og tækifærum til sveigjanleika í námi. Reynt er að taka tillit til sérþarfa nemenda eins og kostur er hvað varðar kennsluáðferðir, námsumhverfi og námsmat. Sem dæmi um sértek námsúrræði má nefna ráðgjöf námsráðgjafa, sérstaka aðstoð frá sérkennara, aukaaðstoð hjá tilteknum kennara, persónulega leiðsögn kennara og einstaklingsmiðað námsmat.

4.4.6 Kennsluvefir og utanumhald um nemendur

Skólinn notar Microsoft Teams kennsluforrit og kennsluvef. Microsoft Teams er einnig notað til samskipta sem og og pósthforritið Outlook. Allir nemendur fá úthlutað pósthfangi við innritun í skólann með endingunni @laugar.is og fá allan sinn netpóst tengdan skólastarfinu á það pósthfang á meðan þau stunda nám við skólann. Allar upplýsingar um áfanga skólans sækja nemendur í gegnum aðgang sinn á Microsoft Teams. Netforritið Inna heldur utanum skólaferil nemenda, stundatöflur og viðveru. Allir foreldrar/forráðamenn nemenda undir 18 ára aldri fá aðgang að þessum upplýsingum um börn sín í gegnum Innu.

4.4.7 Framhaldsskóladeildir

Framhaldsskóladeild (útibú) er starfandi á Vopnafirði. Þar geta nemendur hafið sitt framhaldsskólanám í heimabyggð. Námsframboðið miðast við það að nemendur geti stundað nám á almennri námsbraut og lokið þeim áföngum sem tilheyra kjarna stúdentsbrauta. Nemendur vinna undir stjórn og með aðstoð kennara á staðnum og eru reglulega í sambandi eða hitta fagreinakennara sína í gegnum Microsoft Teams. Nemendur koma að jafnaði einu sinni í mánuði að Laugum og eru þá í skólanum eina viku í senn.

4.4.8 Þjónusta við grunnskólanemendur

Í nýrri aðalnámskrá er hvatt til aukins samstarfs grunn- og framhaldsskólastigs. Eins og undanfarin ár gefst nemendum í efstu bekkjum grunnskóla kostur á að stunda nám í byrjunaráföngum framhaldsskólanáms við Framhaldsskólann á Laugum. Hér er einkum höfðað til grunnskólanemenda í nálægum byggðum skólans sem og á Vopnafirði. Einnig er sérstakt samstarf við Þingeyjarskóla þar sem nemendur unglíngastigs koma í Laugar íþróttaval hjá kennurum Framhaldsskólans á Laugum.

4.5 Námsmat

Eins og fram kemur í almennum markmiðum Framhaldsskólans á Laugum eru kennsluhættir fjölbreyttir. Fjölbreyttir kennsluhættir kalla á fjölbreytt námsmat. Kennurum er ætlað að þróa námsmatsaðferðir við upptöku nýrrar námskrár. Þessu markmiði hyggst skólinn ná með því að stuðla að stöðugri og árangursríkri umræðu um kennslu og námsmat.

Ekki eru formleg annarpróf heldur sífelld mat. En þess skal þó getið að formleg skrifleg próf eru hluti af ofangreindum matsaðferðum.

4.5.1 Sífelld mat og stöðug endurgjöf

Tilgangur námsmats er að gera nemandann meðvitaðan um stöðu sína og hjálpa honum með leiðsögn kennarans að nálgast markmið sín í náminu og ákveða hvert skal stefna. Í Framhaldsskólanum á Laugum er lögð áhersla á að nemendur stundi námið reglulega og vinna þeirra sé metin jafnt og þétt yfir önnina. Þetta þýðir að fjölbreytt námsmat er viðhaft alla önnina í öllum áföngum og bæði er lagt mat á vinnuframlag

og afurðir nemenda. Það mat getur hvort sem er verið formlegt t.d. próf eða óformlegt, þ.e. mat á frammistöðu í verkefnum og annarri vinnu samþætt öllu skólastarfi. Námsmat þarf að vera þannig að nemandinn fái sífella endurgjöf frá kennaranum um nám og frammistöðu sína á hverjum tíma, til þess að endurgjöfin hafi einhverja þýðingu. Með endurgjöfinni hefur kennarinn tækifæri til að leiðbeina nemendum um hvað betur má fara og hvað vel er gert, í þeim tilgangi að þeir geti bætt sig.

4.5.2 Stöðumat

Einn liður í námsmati við Framhaldsskólann á Laugum er **stöðumat** sem gefið er þrisvar á önn. Þar gefa kennarar upplýsingar um stöðu nemenda. Tilgangurinn er að nemendur séu meðvitaðir um stöðu sína í náminu, séu formlega upplýstir um hana og geti brugðist við henni á viðeigandi hátt. Einnig að leiðsagnarkennarar fái upplýsingar um stöðu nemenda sinna í náminu og foreldrar hafi aðgang að upplýsingum um stöðu nemenda undir 18 ára aldri. Þessar umsagnir reiknast ekki inn í einkunn þegar lokaeinkunn er reiknuð út - heldur gefa lýsingu á stöðu nemandans og hvert stefnir í námi hans.

Gefnar eru þrjár umsagnir: *Mjög gott, í lagi, horfir illa*. *Mjög gott* þýðir að nemandi stundar námið mjög vel. Hann gerir meira en að uppfylla allar helstu kröfur um mætingu, verkefnaskil, þátttöku í fag tímum og ástundum. Með sama áframhaldi mun nemandi ná góðum árangri. *Í lagi* þýðir að nemandi stundar námið á viðunandi máta. Hann uppfyllir allar lágmarkskröfur sem gerðar eru um mætingu, verkefnaskil, þátttöku í fag tímum og ástundum. Ástæða er fyrir nemanda og kennara að vera vakandi yfir framvindu námsins, án þess að grípa þurfi til sérstakra aðgerða. *Horfir illa* þýðir að nemandi stundar námið ekki nógu vel. Hann uppfyllir ekki kröfur um mætingu, verkefnaskil, þátttöku í fag tímum og ástundum. Með sama áframhaldi stefnir í að nemandi muni ekki ljúka áfanganum með viðunandi árangri. Ástæða er til sérstakra aðgerða. Fagkennarar/leiðsögukennarar ræða við nemanda, leita skýringa og upplýsinga og grípa til aðgerða, t.d. aðstoða við skipulag, vísa til náms- og starfsráðgjafa o.s.frv.

4.5.3 Einkunnir

Niðurstöður námsmats má birta sem einkunnir og/eða umsagnir. Matið er markmiðatengt. Lokavitnisburður, sem birtist á útgefnum námsferlum og prófskírteinum nemenda, skal vera í heilum tölum á bilinu 1-10 eða í kerfi sem hægt er að tengja við það með skýrum hætti. Sú krafa er sett fram til að auðvelda mat á námi nemenda milli skóla. Að jafnaði skal miða við að 5 sé lágmarkseinkunn til að standast námsáfangana og hafa leyfi til að hefja nám í næsta áfanga. Frávik frá því skulu skýrð í námsbrautarlýsingu og birtast í skólanámskrá.

4.5.4 Mismunandi áherslur í námsmati

Mikilvægt er að námsmat taki ætíð mið af þeim áherslum sem eru í kennsluaðferðum. Námsmat breytist eftir skipulagi námsins, þ.e. eftir því á hvaða stigi nemandinn er staddur. Matið skal alltaf vera fjölbreytt, sífellt, og til leiðsagnar. Þannig kemur það á móts við mismunandi þarfir og hæfileika nemenda og hvetur hann til árangursríkari vinnubragða og metnaðar í náminu.

Í *Almennum kjarna og kjarnagreinum* er samvinnunám og hópkenndsla meira í forgrunni en á síðari stigum námsins og tekur námsmatið mið af því. Á síðari stigum námsins tekur námsmat mið af því að nemandi getur verið að vinna nokkuð sjálfstætt með viðfangsefni að eigin vali. Mikilvægi námsmatsaðferða er þó síst minna en áður og mikilvægt að horfa til þeirrar vinnu sem nemandinn innir af hendi og hvernig hann skilar þeirri vinnu af sér.

4.6 Inntökuskilyrði og mat á námi úr öðrum skólum

Nemendur sem lokið hafa grunnskólanámi eða náð hafa 18 ára aldri geta sótt um skólavist í Framhaldsskólanum á Laugum.

Til þess að innritast í 2. þreps áfanga í kjarnagreinum þurfa nemendur að hafa uppfyllt lokamarkmið grunnskólans. Þeir sem ekki uppfylla þau skilyrði fara í áfanga í viðkomandi grein á 1. þrepi.

Nemandi sem skiptir um námsbraut fær það nám sem hann hefur lokið með fullnægjandi árangri metið. Sá hluti námsins sem fellur ekki undir fagsvið nýrrar brautar er metinn sem val.

Um mat á námi úr öðrum skólum gilda reglur aðalnámsskrár þar sem haft er að leiðarljósi að meta allt nám sem nemandi hefur lokið. Nemandi sem kemur úr öðrum skóla, sem starfar samkvæmt aðalnámsskrá framhaldsskóla, fær það nám sem hann hefur lokið með fullnægjandi árangri, metið til eininga á sama hæfniprepi, enda falli námið að námskrá og námsbrautalýsingu skólans.

Vísað er til Aðalnámsskrár um mat á námskeiðum og reynslu, mat á námi við tónlistarskóla, mat á námi frá erlendum framhaldsskólum (skiptinám) og erlend samskipti.

4.7 List- og verkgreinar.

Áhersla er á skapandi hugsun og hagnýtingu þekkingar. Allir nemendur skólans kynnist list- og verkgreinum þar sem m.a. er horft til sköpunargleði, frumkvæðis og frumleika. Línur eru lagðar í samræmi við lykilþætti Aðalnámsskrár og til styðja við sérstöðu skólans hvað varðar aðgang að listsköpun, mikilvægi félagsstarfa í heimavistarskóla og tengsl við nærsamfélagið.

- Allir taka 5 einingar í floknum list- og verkgreinar í Kjarna
- Gert er ráð fyrir að allar einingarnar geti verið á 1. þrepi
- Innan þessa flokks telst hvers konar listsköpun, tjáning og félagsmálafærni
- Getur verið kennt í allt frá stuttum einnar einingar námskeiðum til 5 eininga áföngum sem ná yfir alla önnina
- Leitast skal við að bjóða uppá fleiri en eitt námskeið á önn svo nemendur hafi val
- Nemendur geta fengið starf við t.d. Tónkvísl, eða leiksýningar metið sem skapandi greinar, en þó aldrei meira en 5 einingar af því sama. Annað er hægt að meta sem val.

Dæmi um nám í list- og verkgreinum eru hljóðtækni, leiklist, ljóðagerð, tölvuleikjagerð, myndbandagerð, rafmagnsfræði, bridge, skák, hestamennska, námskeið í félagsmálafræðum, námskeið tengd sjálfbærni og lýðræði o.s.frv.

5.1 Réttindi og skyldur nemenda

Með því að greiða innritunargjald (staðfestingargjald) hafa nemendur gert samning við yfirvöld skólans um ástundun náms og góða umgengni. Þeir hafa þar með samþykkt þær reglur sem gilda í skólasamfélaginu í heild og þeir heita að undirgangast þær og virða. Nemendur og foreldrar/forráðamenn hafa ávallt greiðan aðgang að þeim reglum sem í gildi eru á heimasíðu skólans.

Ef viðurlög við reglum varða brottvísun úr skóla eða úr einstökum áföngum skulu nemendur fá skriflega viðvörðun eða áminningu áður en til brottrekstar kemur. Þetta á þó ekki við um brot á reglum sem varða tafarlausa brottvikningu frá skóla. Í þeim tilfellum fá nemendur skriflega tilkynningu um brottvikningu og hafa viku andmælarétt.

Nemendur og starfsfólk Framhaldsskólans á Laugum skulu

- ávallt koma fram við aðra af virðingu og kurteisi
- ganga vel um húsnæði skólans, muni og umhverfi
- rækja störf sín af alúð og samviskusemi
- hafa einkunnarorð skólans að leiðarljósi, en þau eru: Metnaður, trúmennska, tillitssemi og glaðlyndi.

5.2 Reglur heimavistar og skóla

1. Markmið heimavistarreglna er að tryggja hvíldar- og vinnufrið vistarbúa og eðlileg lífsskilyrði.
2. Yfirstjórn heimavistar er í höndum skólameistara. Skólameistari hefur sér til aðstoðar umsjónarmann fasteigna, húsbændur, skólaritara, ræstítækna, fjármálastjóra og heimavistarstjóra. Umsjónarmaður fasteigna hefur eftirlit á daginn með því að heimavistarreglum sé fylgt. Húsbændur hafa eftirlit með framfylgni sömu reglna á kvöld - og næturvöktum.
3. Vistarbúi fær úthlutað tilteknu herbergi við innritun. Honum er óheimilt að flytja milli herbergja án leyfis heimvistarstjóra. Sérhver vistarbúi ber ábyrgð á að fylgja þeim reglum um aga og umgengni sem gilda á heimavistinni og eru í samræmi við ákvæði skriflegs leigusamnings sem vistarbúi og Framhaldsskólinn á Laugum gera sín á milli.
4. Heimavistin er heimili nemenda og skulu þeir njóta heimilisfriðar að fullu. Vistarbúar skulu ávallt ganga hljóðlega um og mega aldrei raska ró og friði íbúa heimavistarhúsanna með hávaða og slæmri umgengni. Vistarbúum ber að sýna hver öðrum sem og starfsfólki tillitssemi og kurteisi. Til þess að tryggja öryggi íbúa heimavistar og til að líta eftir öryggisbúnaði herbergja hefur skólameistari og/eða starfsmaður skólans í hans umboði rétt til að ganga í herbergi til eftirlits.
5. Vistarbúar skulu ganga vel og þrifalega um herbergi sín og hús skólans. Hver vistarbúi skal annast ræstingu á herbergi sínu, sturtuklefa og salerni. Hvert herbergi er skoðað m.t.t. hreinlætis og umgengni á tveggja vikna fresti. Sé hreinlæti/umgengni ábótavant við slíka skoðun fá viðkomandi vistarbúar tvo daga til úrbóta. Sé úrbótum ekki sinnt fá viðkomandi vistarbúar 5 refsistig (sjá kafla 5.3) og eiga að hafa samband við heimavistarstjóra þegar úrbætur hafa verið gerðar. Fyrir hvern heilan skóladag sem líður án úrbóta fá vistarbúar aukalega 2 refsistig. Valdi vistarbúi eða gestur hans skemmdum á heimavistarhúsum eða húsmunum er vistarbúa skylt að bæta þær að fullu skv. mati umsjónarmanns fasteigna.
6. Ekki er heimilt að ganga á útiskóm innan skóla- eða heimavistarhúsnæðis. Óheimilt er að flytja húsgögn milli herbergja án leyfis umsjónarmanns fasteigna. Óheimilt er að taka húsgögn úr setustofum og skólastofum til notkunar í herbergjum og öfugt.
7. Nemendum er heimilt að hafa hljómflutningstæki, tölvur og sjónvarpstæki inni á herbergjum sínum sé þess gætt að tækin valdi ekki truflun og að tekið sé tillit til annara íbúa. Eftir kl. 23:30 er notkun slíkra tækja takmörkuð við einstaklingsnot (höfuðtöl) alla daga. Sérhver íbúi heimavistarinnar á rétt á því að tilmælum hans um betra næði sé tafarlaust hlýtt. Notkun annarra raftækja en ofantaldra er háð leyfi umsjónarmanns fasteigna. Engir munir vistarbúa eru tryggðir á vegum skólans og skólinn tekur ekki ábyrgð á eigum þeirra. Vistarbúi skal sjálfur tryggja sína muni, telji hann ástæðu til.
8. Vistarbúar mega ekki hafa með sér á heimavist neitt það er slyshætta stafar af, svo sem vopn af

hvaða tagi sem er. Öll meðferð elds er óheimil í skóla- og heimavistarhúsum, þar með talin notkun kerta og reykelsis. Öllum nemendum er skylt að taka þátt í brunaæfingum þegar þær fara fram undir leiðsögn slökkviliðsstjóra. Vistun gæludýra á heimavist er bönnuð.

9. Húsum heimavistar er læst kl. 24.00 sunnud. – fimmtud. Heimavistarhúsin eru opin til kl 01:00 aðfaranótt laugardags (föstudagskvöld) og sunnudags (laugardagskvöld). Frá klukkan 23.30-07.30 dag hvern skal ríkja algjört næði á heimavistum, jafnt á göngum sem á herbergjum.
10. Engum óviðkomandi er heimilt að dveljast á heimavistum. Heimilt er að hafa næturgest um helgar, en sækja verður um leyfi til þess fyrir kl 12:00 á föstudegi til heimavistarstjóra. Skólameistari, staðgengill hans eða heimavistarstjóri getur veitt undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum. Vistarbúar bera ábyrgð á herbergjum sínum og að gestir þeirra fari að reglum heimavistar og skóla. Brjóti gestur reglur heimavistar og skóla gilda viðeigandi viðurlög fyrir þann vistarbúa/nemanda sem er gestgjafi.
11. Reykingar eru með öllu óheimilar í húsum skólans, á skólalóð og í farartækjum sem þar kunna að vera. Sama gildir um aðra tóbaks- og nikótínnotkun s.s. rafrettur, nikótínþúða, munntóbak og neftóbak.
12. Ölvun, meðferð, dreifing, varðveisla og neysla áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð, sbr. lög nr. 75/1998, 4. gr., liðir a), b) og c) svo og 18. gr. sömu laga. Bann þetta nær til alls húsnæðis skólans, lóðar hans og farartækja sem þar kunna að vera sem og á ferðalögum, samkomum eða öðru sem fram fer á vegum skólans. Áfengisumbúðir eru bannaðar á heimavistarherbergjum. Ef grunur vaknar um geymslu á áfengi eða ólöglegum vímuefnum, hafa húsbændur, umsjónarmaður fasteigna, skólameistari, staðgengill hans og heimavistarstjóri rétt til inngöngu í heimavistarherbergi til að rannsaka skápa og hirslur, að viðstöddum íbúum herbergisins. Ef rökstuddur grunur er og brýna nauðsyn ber til, eiga sömu aðilar rétt til inngöngu að íbúum herbergisins fjarstöddum, en að viðstöddum lögráða fulltrúa þeirra.
13. Óheimilt er með öllu að neyta, varðveita, dreifa eða vera undir áhrifum ólöglegra vímuefna eða hafa tæki til neyslu í vörslu sinni í húsum skólans, á skólalóð, svo og á ferðalögum, samkomum eða öðru sem fram fer á vegum skólans. Brot á þessari grein varðar tafarlausri brottvísun. Skólinn stendur fyrir reglubundnum og fyrirbyggjandi aðgerðum svo sem utanaðkomandi eftirliti af hálfu lögreglu a.m.k. einu sinni á önn. Vakni grunur um meðferð og/eða neyslu ólöglegra vímuefna hjá nemanda, geta skólafyrirvöld óskað eftir að nemandinn undirgangist vímuefnapróf og sækji sér viðeigandi aðstoð. Neiti nemandinn að undirgangast vímuefnapróf varðar það brottvikningu.
14. Komi til brottvísunar af heimavist eða úr skóla skal skólameistari gefa skriflega tilkynningu um slíka brottvísun. Íbúi á heimavist skal hafa rýmt herbergi sitt innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um brottvísun.
15. Ofbeldi er ekki liðið í skólanum. Hér er átt við líkamlegt-, andlegt-, kynferðislegt- og rafrænt ofbeldi. Nemandi eða nemendur sem verða uppvísir að slíku, fá áminningu, tiltal, tímabundna eða endanlega brottvikningu af heimavist eða úr skóla, allt eftir alvarleika máls.
16. Reglur þessar taka gildi frá 1. janúar 2023 og falla þar með úr gildi eldri reglur. Endurskoðun reglna heimvistar og skóla getur farið fram hvenær sem.

5.3 Viðurlög við brotum á reglum heimavistar og skóla

Verði nemandi uppvís að brotum á reglum heimavistar og skólans hlýtur hann fyrir það refsistig skv. neðangreindu kerfi. Hljóti nemandi meira en 30 stig þýðir það brottvísun af heimavist og í alvarlegum tilfellum úr skóla.

Viðurlög:

35 stig: Tafarlaus brottvísun fylgir eftirfarandi brotum:

- Neyta, varðveita, dreifa eða vera undir áhrifum ólöglegra vímuefna eða hafa tæki til neyslu í vörslu sinni í húsum skólans, á skólalóð, svo og á ferðalögum, samkomum eða öðru sem fram fer á vegum skólans.

- Neita að undirgangast vímuefnapróf sé rökstuddur grunur um neyslu til staðar.
- Valda verulegum skemmdum á munum og húsnæði skólans.

Þessi stig fynast á 40 kennsluvikum að frátöldum jóla-, páska- eða sumarleyfum.

20 stig: Ölvun, meðferð, dreifing, varðveisla og neysla áfengis í húsum skólans, á lóð hans eða í farartækjum sem þar kunna að vera sem og á ferðalögum, samkomum eða öðru á sem fram fer á vegum skólans.

Þessi stig fynast á 30 kennsluvikum að frátöldum jóla-, páska- eða sumarleyfum. Athugið að við fyrsta brot er fyrningartími refsistiga 20 kennsluvikur að frátöldum jóla-, páska- eða sumarleyfum.

15-30 stig: Skemmdir á munum eða húsnæði skólans. Stigafjöldi og fyrningartími fer eftir umfangi skemmda.

15 stig: Sérhver hindrun þess að reykskynjarar virki sem skyldi.

10 stig: Reykingar og önnur tóbaks- og nikótínnotkun í húsum skólans, á skólalóð eða í farartækjum sem þar kunna að finnast.

5 stig: Gestur án leyfis á heimavist. Við hvert endurtekið brot þyngjast viðurlögin um 5 refsistig frá síðasta broti.

5 stig: Hávaði/ónæði á heimavist. Við hvert endurtekið brot þyngjast viðurlögin um 5 refsistig frá síðasta broti.

5 stig: Herbergi ekki þrifið innan tveggja daga frá því að það stóðst ekki herbergisskoðun. Fyrir hvern skóladag umfram það bætast aukalega við 2 refsistig.

5-30 stig: Brot á öðrum reglum heimavistar og skóla. Refsistigafjöldi og fyrningartími fer eftir umfangi og eðli brots.

Hljóti nemandi 5-9 eða refsistig á hverju fjögurra kennsluviknatímabili að frátöldum jóla-, páska- eða sumarleyfum (tímabil hefst þegar fyrsta brot er bókað), fynast þau að fullu á því tímabili.

Hljóti nemandi 10-19 refsistig á hverju fjögurra kennsluviknatímabili að frátöldum jóla-, páska- eða sumarleyfum, tekur hann helming þeirra með sér yfir á nýtt fjögurra vikna kennsluviknatímabil.

Hljóti nemandi 20-30 refsistig á hverju fjögurra kennsluviknatímabili að frátöldum jóla-, páska- eða sumarleyfum, tekur hann 2/3 þeirra með sér yfir á nýtt fjögurra vikna kennsluviknatímabil. Athugið að þetta gildir **ekki** um áfengis- eða vímuefnabrot eða um skemmdir á munum og húsnæði skólans umfram 19 stig. Um slík brot gilda fyrningar útlistaðar sérstaklega hér að ofan.

5.4 Skólasóknarreglur

Nemendur skulu mæta stundvíslega í alla tíma. Hverri önn er að jafnaði skipt upp í 3-4 vikna tímabil og eru mætingar nemenda þá skoðaðar af áfangastjóra og sendar leiðsögukennurum. Nemandi fær:

- fjarvist (F) ef hann mætir ekki í tíma (1 fjarvistarstig)
- ekki mættur í úttekt (E) ef hann mætir ekki í skylduúttekt (skyldufagtíma) (1 fjarvistarstig)
- hlutamætingu (H) ef hann mætir hluta úr tíma (0,4 fjarvistarstig)
- óvirkur (O) ef hann er á staðnum en er ekki að sinna námi þrátt fyrir tilmæli kennara (0,4 fjarvistarstig)

Þegar nemandi er veikur eða í leyfi heldur hann fjarvistarstigum en á rétt á upptöku námsmats. Það er á ábyrgð nemenda að tilkynna sig umsjónarkennara námstíma hverju sinni.

Verði brestur á mætingu gilda eftirfarandi viðurlög:

Viðvörðun: Sé raunmæting nemanda á tímabili undir 85% fær viðkomandi viðvörðun frá leiðsögukenndara. Viðkomandi nemandi fær einstaklingsviðtal hjá leiðsögukenndara þar sem skýringa er leitað á slakri viðveru. Nemandi með viðvörðun getur losað sig undan henni ef heildarraunmæting allra tímabila hans á önninni er samtals yfir 85%.

Úrsögn: Nemandi með viðvörðun þarf að skrá sig úr einum áfanga fyrir hvert tímabil sem raunmæting hans er undir 85%. Þetta skal leiðsögukenndari vinna í samráði við nemandann, áfangastjóra og námsráðgjafa.

Brottvísun: Ef nemandi í 12 einingum eða færri þarf að skrá sig úr áfanga, telst hann hafa sagt sig frá námi við FL. Komi til þessa getur nemandi leitað til skólaráðs og óskað eftir með rökstuðningi að fá undanþágu frá úrsögn úr námi. Fáir nemandi slíka undanþágu fer hann á sérstakan námssamning hjá skólastjórnendum, námsráðgjafa og leiðsögukenndara.

Nemandi getur fengið að taka sjúkrapróf á sjúkraprófstíma skólans sé hann búinn að missa af a.m.k. 15% af námsmati áfanga vegna veikinda og/eða leyfa. Veikindi ber að tilkynna til skólaritara fyrir kl. 10:00 þann dag sem nemandi er veikur. Sé nemandi ólöggráða ber foreldri/forráðamanni að tilkynna veikindin fyrir kl.10.00. Nemandi sem hefur tilkynnt veikindi á að halda til í herbergi sínu. Sjáist til hans annars staðar fær hann fjarvistir skráðar fyrir allan daginn. Veikum nemanda er þó heimilt að mæta til að matast í matsal skólans á matmálistímum. Athugið að veikindin teljast sem fjarvistir og lækka því raunmætingu nemandans.

Þjáist nemandi af **langvinnum sjúkdómi/heilsuleysi** ber honum að skila inn vottorði frá sérfræðingi á viðkomandi sviði, þar sem fram koma helstu upplýsingar um sjúkdóminn og möguleg áhrif hans á skólasókn. Það sama gildir verði nemandi veikur um lengri tíma (t.d. sé rúmfastur í viku vegna flensu). Nemandi mun þá hugsanlega fá ákveðnar undanþágur frá skólasóknarreglum. Verði nemandi uppvís að því að misnota vottorð eins og hér er um að ræða, áskilur skólinn sér rétt til hætta að taka það til greina.

Nemandi getur sótt um leyfi frá skólasókn til skólameistara (eða staðgengils hans í fjarveru skólameistara) ef góðar og gildar ástæður liggja þar að baki. Nemandi með slíkt leyfi getur fengið að taka sjúkrapróf á sjúkraprófstíma skólans fari próf fram á leyfistíma nemandans. Sem dæmi má nefna að tekið er tillit þess ef nemendur eru veðurteptir og einnig eru veitt leyfi ef nemandi þarf að leita til læknis, tannlæknis eða annara fagaðila en nemendur skulu þá skila inn staðfestingu frá viðkomandi aðila. Athugið að slík leyfi teljast sem fjarvistir og lækka því raunmætingu nemandans.

Félagsmálafulltrúi getur sótt um leyfi frá skólasókn þurfi nemandi að starfa fyrir nemendafélagið. Leyfi á grundvelli slíkrar beiðni er ekki veitt nema að heildarraunmæting allra tímabila á önninni sé 85%. Nemandi sem á stöðugt í vanda með að uppfylla skólasóknarreglur og er með raunmætingu undir 75% við lok hverrar annar á ekki tryggja skólavist á næstu önn.

5.5 Reglur um nám utan skóla

Einstaka áfangar geta verið í boði utan skóla fyrir nemendur sem eru u.þ.b. að ljúka námi sínu héðan frá skólanum. Einnig fyrir fólk hér í héraði sem vegna aðstæðna á þess ekki kost að sækja nám í dagskóla, t.d. ungir foreldrar. Alltaf er þó miðað við að nemendur séu í hlutanámi. Ekki er hægt að bjóða uppá alla áfanga utan skóla og jafnan er miðað við að áfangarnir séu ekki fleiri en tveir, a.m.k. til að byrja með. Nemendur sem stunda nám utan skóla geta ekki vænst sömu þjónustu frá kennurum og nemendur í dagskóla. Í sumum tilfellum eru nemendur utan skóla með sérstaka námsáætlun og öðruvísi námsmat en nemendur í dagskóla. Nemendur þurfa að vera mun sjálfstæðari í náminu og hafa ekki greiðan, daglegan aðgang að

kennurum. Þeir þurfa að hafa frumkvæði að því að hafa samskipti við kennara t.d. í tölvupósti og fylgjast vel með öllum fyrirmælum m.a. á Microsoft Teams.

Kennarar Framhaldsskólans á Laugum

- Láta nemendur fá námsáætlun sem getur verið eins og hjá dagskólanemendum eða verið aðlöguð námi utan skóla.
- Geta kallað eftir nemendum í verkefni/próf um miðja önn og í lok annar
- Láta nemendum í té kennslugögn sem dreift er meðal dagaskólanema

Nemandi sem stundar nám utan skóla við Framhaldsskólann á Laugum

- Skal fara eftir námsáætlun
- Hefur ekki lengri skilafrest á verkefnum en tilgreint er í námsáætlun
- Skal vera í reglulegu sambandi við kennara, minnst mánaðarlega
- Getur óskað eftir við áfangastjóra að fá að taka skrifleg próf í heimabyggð. Slík ósk þarf að berast með fimm daga fyrirvara.

Nemendur sem eru utan skóla greiða samkvæmt verðskrá skólans.

5.6 Reglur um meðferð heimilda og gagnanotkun í prófum

Í skólanum er lögð rík áhersla á það að fræða nemendur um rétta meðferð heimilda og alvarleika þess að hagnýta sér hugverk annarra, eða gervigreindar, án þess að til þeirra sé vísað á réttmætan hátt. Gildir þá einu hvort um er að ræða búta úr verki eða verkið í heild. Með hugverki er átt við höfundarverk á borð við bækur, greinar, ritgerðir, aðrar ritsmíðar, myndir eða annað jafnt á prenti, tölvutæku formi eða á annars konar formi sem tilheyrir tilteknum rétthafa þess. Við nám í skólanum er stuðst við APA - kerfið við skráningu heimilda. Gildir þetta einnig um óleyfilega notkun gagna í prófum.

Skólinn nýtir sér forritið Turnitin til að leiðbeina nemendum um rétta meðferð texta og til eftirlits með ritstuldi ásamt ýmsum verkfærum sem greina notkun gervigreindar.

Verði nemandi uppvís að ritstuldi eða óleyfilega notkun gagna í prófum

- Fyrsta brot: Áminning frá kennara og nemandi fær einkunnina 0 fyrir verkefnið/prófið. Sé um að ræða verk sem annar nemandi hefur lánað/leyft notkun á fær sá hinn sami áminningu frá kennara og 0 fyrir verkefnið. Gildi verkefnið 10% eða meira fær nemandinn/nemendurnir tækifæri til að skila verkefninu aftur, sama gildir ekki um próf. Áminningin er skráð á feril nemandans í Innu.
- Annað brot: Formleg áminning frá skólameistara og viðkomandi fær 0 fyrir verkefnið/prófið. Sé um að ræða verk sem annar nemandi hefur lánað/leyft notkun á fær sá hinn sami áminningu frá skólameistara og 0 fyrir verkefnið. Ekki fæst tækifæri til að skila verkefninu eða taka prófið aftur. Áminningin skráð á feril nemandans í Innu.
- Þriðja brot: Nemandi vísað úr viðkomandi áfanga. Sé um að ræða verk sem annar nemandi hefur lánað/leyft notkun er viðkomandi einnig vísað úr áfanga.

Brotin gilda þvert á áfanga og námsár og fyrnast ekki. Þ.e. nemandi getur brotið af sér í einum áfanga á fyrsta ári, öðrum á öðru ári og verið vísað úr þriðja áfanganum á þriðja ári þó brotið sé það fyrsta á því ári og í þeim áfanga. Áminningar eru skráðar í Innu, undir Athugasemdir.

5.7 Tölvunotkunarreglur

Öllum nemendum er úthlutað notandanafni og aðgangsorði og hafa því allir nemendur aðgang að tölvuneti bæði í kennslustofum og á herbergjum. Öll notkun á tölvukerfi skólans, bæði á heimavistum og annarsstaðar, lýtur sömu reglum.

Tölvu- og netbúnaður Framhaldsskólans á Laugum er eign skólans og ætlaður til náms, kennslu, kynningar og annars þess sem samræmist markmiðum skólans.

- Handhafi notandanafns á tölvukerfi skólans er ábyrgur fyrir allri notkun þess.
- Skólinn áskilur sér rétt til að fara yfir, skoða og eyða gögnum á gagnasvæðum nemenda til að tryggja að reglum um notkun búnaðarins sé fylgt.

Óheimilt er:

- að veita öðrum aðgang að notandanafni sínu,
- að reyna að tengjast tölvubúnaði skólans með öðru notandanafni en því sem notandi hefur fengið úthlutað,
- að nota aðgang að neti skólans til þess að reyna að komast ólöglega inn á net eða tölvur í eigu annarra,
- að sækja, senda, geyma eða nota á neti eða í tölvum skólans forrit eða gögn sem hægt er að nota til innbrota, skemmdarverka eða annars ólöglegs athæfis,
- að breyta vinnuumhverfi á tölvum skólans þannig að það hafi áhrif á umhverfi og notkunarmöguleika annarra notenda,
- að breyta, afrita eða fjarlægja vélbúnað, hugbúnað eða gögn sem eru í eigu skólans,
- að afrita hugbúnað eða gögn í eigu annarra án leyfis eiganda,
- að setja inn hugbúnað á tölvur skólans án samþykkis kerfisstjóra,
- að nota nettengingu skólans til að vísa á, senda, sækja eða geyma klámefni eða ofbeldisefni,
- að senda keðjubréf og annan ruslpóst, t.d. sams konar bréf á alla notendur, auglýsingar og aðrar fjöldasendingar,
- að nemandi tengist þráðlausu neti starfsmanna (Laugar-Starfsmenn)

Að öðru leyti er vísað til notkunarskilmála ISnets og notkunarreglna FS-netsins. Notendur kerfisins skulu að kynna sér þessar reglur þar sem þeir eru ábyrgir samkvæmt þeim. Brot á þessum reglum geta leitt til lokunar á aðgangi að tölvukerfi skólans eða fyrirvaralausrar brottvísunar úr skóla – sé um alvarleg eða endurtekin brot að ræða.

6. Almenn þjónusta

6.1 Heimasíða skólans

Á heimasíðu skólans er hægt að finna allar upplýsingar um það sem skólinn býður uppá og stendur fyrir. Þar eru skýrslur um skólastarf, námskrá, áfangalýsingar, brautarlýsingar, upplýsingar um starfsfólk o.fl. Umsjón með heimasíðu er í höndum sérstaks umsjónarmanns og ritara. Uppfæra skal heimasíðuna reglulega þannig að ávallt sé þar að finna upplýsingar sem vísað er til í þessari námskrá.

6.2. Skrifstofa

Skrifstofa skólans er staðsett í andyri Gamla skóla. Þar eru veittar upplýsingar um það sem lýtur að skólastarfinu og veitt möguleg aðstoð. Á skrifstofunni geta nemendur fengið upplýsingar um námsferil sinn, fjarvistir, refsistig fyrir brot á reglum skólans, ef um það er að ræða, áætlunarferðir til og frá Laugum o.fl. Ritari aðstoðar nemendur við tímapantanir hjá læknum, tannlæknum og öðrum, ef óskað er, o.fl. Ritari tekur einnig við tilkynningum um veikindi. Ritari innir af hendi önnur almenn skrifstofustörf í þágu skólans.

6.3. Mötuneyti

Mötuneyti skólans er staðsett í Gamla skóla og þar er nemendum og starfsfólki boðið uppá hollan og góðan mat í samræmi við leiðbeiningar Landlæknisembættisins. Framhaldsskólinn á Laugum er þátttakandi í samstarfsverkefni embættisins Hoff (Heilsueflandi framhaldsskóli). Stuðst er við „Handbók um mataræði í framhaldsskólum“. Leitast er við að koma til móts við nemendur með fæðuofnæmi.

Bryti er yfirmaður mötuneytis skólans og honum til aðstoðar eru fjórir starfsmenn í mismunandi stöðugildum. Þeir leggja áherslu á að framfylgja stefnu skólans um hollustu, gæði og hreinlæti í matargerð og framreiðslu.

Nemendur á heimavist eru í fullu fæði sem samanstandur af fimm máltíðum fimm daga vikunnar. Í boði er einnig sjö daga fæði eða að skrá sig í stakar máltíðir. Starfsmenn skólans geta einnig skráð sig í fastar máltíðir.

Nemendur taka þátt í þrifum á matsal eftir hverja máltíð.

6.4 Þvottahús

Þvottahús er starfrækt fyrir alla nemendur sem búa á heimavist. Þeir fá þvegið af sér einu sinni í viku. Nauðsynlegt er að merkja allan fatnað vel með þvottanúmeri sem nemendur fá úthlutað áður en þeir koma á heimavistina.

6.5 Umsjónarmaður fasteigna

Umsjónarmaður fasteigna hefur eftirlit með húsnæði skólans og öðrum eignum hans í umboði skólameistara. Hann annast minniháttar viðhald og viðgerðir á húsum skólans ásamt því að annast umhirðu á lóð skólans. Umsjónarmaður fasteigna hefur yfirumsjón með ræstingum og annast innkaup rekstrarvara þar að lútandi í samráði við fjármálastjóra. Þá hefur hann á skólatíma eftirlit með að reglum skólans sé fylgt.

6.6 Heimavistastjóri

Heimvistastjóri stýrir heimavistum skólans í umboði og með aðstoð skólameistara. Heimvistarstjóri raðar nemendur á herbergi og úthlutar lykllum. Hann kennir nemendum umgengni og þrif á heimavist og fundar reglulega með íbúum heimavistanna. Heimvistarstjóri skoðar herbergi nemenda á tveggja vikna fresti og hefur umsjón með umgengni og agabrotum á heimavist. Hann gefur leyfi fyrir gestum á heimavist um

helgar.

6.7 Húsbændur

Húsbændur eru á vakt öll kvöld vikunnar og eru nemendum innan handar með ýmislegt sem kann að koma upp utan venjulegs skólatíma. Þeir sjá um kvöldkaffi og fylgjast með því að ró og svefnfriður sé á heimavistum.

6.8 Hjúkrunarfræðingur

Nemendum og starfsfólki stendur til boða þjónusta hjúkrunarfræðings. Hjúkrunarfræðingur kemur einu sinni í viku frá Heilbrigðisstofun Þingeyinga. Þessi þjónusta er nemendum og starfsfólki að kostnaðarlausu. Hjúkrunarfræðingur vinnur með námsráðgjafa og sálfræðingi, auk þess sem hann kemur að verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli.

6.9 Sálfræðingur

Sálfræðingur kemur í skólann að lágmarki á tveggja vikna fresti. Bæði nemendur og starfsfólk geta nýtt sér þjónustu hans.

7. Námsleiðir

7.1 Almenn námsbraut

Markmið náms á almennri námsbraut er að undirbúa nemendur sem ekki hafa náð að uppfylla markmið grunnskólans eða eru óvissir með hvað þeir vilja læra, undir nám á stúdentsbrautum eða annað framhaldsnám. Unnið er eftir getu og hæfileikum hvers og eins og reynt að styrkja sjálfsmynd nemenda. Námið er á fyrsta þrepi, þ.e. almenn og hagnýt þekking, sem miðast við stöðu hvers og eins. Nemendur hafa möguleika á því að taka áfanga á öðrum námsþrepum þegar og ef þeir hafa getu og hæfni til. Nám á almennri námsbraut er 90 einingar, 54 eininga kjarni auk 36 valeininga. Eitt af meginhlutverkum brautarinnar að gera nemendum fært að takast á við nám/einstaka áfanga á öðrum brautum skólans strax og þeir hafa afl og getu til. Því geta nemendur hafið nám á öðrum námsbrautum skólans áður en almennri námsbraut er formlega lokið.

7.1.1 Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði á almenna námsbraut eru að nemandi hafi lokið grunnskóla.

7.1.2 Skipulag

Námstíminn miðast við hæfni og getu hvers og eins. Áhersla er lögð á kjarnagreinar, íslensku, stærðfræði og ensku. Mikið er lagt upp úr lestri og vinnu með íslenskt mál, bæði í ræðu og riti. Unnið er markvisst að aukinni sjálfþekkingu nemenda, styrkingu sjálfsmyndar, félagslegs sjálfstæðis og ábyrgðar. Markmiðið er öðrum þræði, að nemendur geti talist góðir skólabeagnar og læri og virði þær reglur, skrifaðar og óskrifaðar, sem gilda í heimavistarskóla í sveit.

7.1.3 Námsmat

Námsmatið er einstaklingsmiðað símat, leiðsagnarmat, jafningjamat og sjálfsmat. Mikið er horft til vinnusemi og viðveru nemenda, verkefnaskila og þátttöku í því sem fram fer í kennslustundum og vinnustofum.

7.1.4 Námsframvinda

Námstími almennrar námsbrautar er áætlaður 3 annir en getur verið sveigjanlegur. Almennt er miðað við að nemendur ljúki kjarna brautarinnar á tveimur önnum og mest á fjórum. Nemendur vinna eftir einstaklingsmiðaðri námsskrá og nemandi í fullu námi skal ljúka að lágmarki 15 einingum á önn. Skólameistari getur heimilað undantekningu frá þessari reglu vegna skilgreindra námsörðugleika, veikinda og annarra óviðráðanlegra aðstæðna. Lokaeinkunn hvers áfanga má ekki vera lægri en 5,0.

7.1.5 Hæfniviðmið

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að

- þekkja betur hæfni sína og styrkleika
- hlusta á sjónarmið annarra og virða þau
- tjá eigin skoðanir í ræðu og riti
- taka þátt í lýðræðissamfélagi, s.s. skólastarfinu
- leita nýrra leiða og mynda sér sjálfstæðar skoðanir
- nýta sér læsi í víðu samhengi
- lesa í umhverfi sitt, samskipti, tilfinningar og reglur í þeim tilgangi að átta sig á því hvað er viðeigandi hverju sinni

- geta nýtt sér viðeigandi stuðninstæki við námið, s.s. reiknivélar í sínum, leiðréttingaforrit, hljóðbækur og annað það sem nýtist við námið
- átta sig á því að það eru bæði til réttindi og skyldur og öll berum við ákveðna ábyrgð á lífi okkar
- virða og ganga vel um náttúru og umhverfi, einnig hið mannlega umhverfi sem skapast í miklu nábýli lítills heimavistarskóla

7.1.6 Námsuppsetning

Almenn námsbraut

KJARNI SKYLDUÁFANGAR BRAUTARINNAR

Almennur kjarni

Námsgrein		ein
Brunnur	BRUN1AA01	1
Enska	ENSK1UE05 ENSK1UF05	10
Íslenska	ÍSLE1AN05 ÍSLE1AS05	10
Íþróttir	ÍÞRÓ1AA01 ÍÞRÓ1AB01	2
List og verkgeinar	LIVE1VA02	2
Lífsleikni	LÍFS1HA01	1
Lýðfræði	LÝÐF2AA12 LÝÐF2AB06	18
Stærðfræði	STÆR1UN05 STÆR1HA05	10
		54

FRJÁLST VAL	36 einingar	ein
	Frjálst val nemenda - þarf að uppfylla skilyrði um þrepaskiptingu	36

Samtals: 90 einingar

7.2. Félagsvísindabraut

Á félagsvísindabraut er lögð áhersla á gott almennt nám með sérstaka áherslu á góða þekkingu á sviði félags- og hugvísinda. Að loknu námi eiga nemendur að hafa góða undirstöðuþekkingu á áðurnefndum sviðum og vera færir um að nýta sér hana við margvísleg verkefni og til frekara náms, einkum í félags- og hugvísindum. Valmöguleikar, s.s. lokaverkefni á braut, gefa nemendum kost á því að sveigja námið að einhverju leyti að þörfum sínum og áhugasviðum. Á þann hátt geta þeir einnig undirbúið sig fyrir ýmiskonar framhaldsnám, t.d. með hliðsjón af fyrirbyggjandi aðgangsviðmiðum námsbrauta háskólanna enda er stúdentspróf undirbúningur fyrir háskólanám.

7.2.1 Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði á félagsvísindabraut eru að nemandi hafi að lágmarki einkunnina C í kjarnagreinum úr grunnskóla. Til að hefja nám á öðru þrepi í kjarnagreinum þarf nemandi að lágmarki einkunnina B í viðkomandi grein úr grunnskóla.

7.2.2 Skipulag

Nám á félagsvísindabraut er fyrst og fremst bóklegt og fer fram í skólanum. Á brautinni er lögð áhersla á nám í félags- og hugvísindum. Kjarninn samanstendur af áföngum sem nemendur af öllum stúdentsbrautum taka en brautarkjarninn er sérkenndur fyrir félagsvísindabraut. Frjálstu vali þarf nemandinn að haga þannig að skilyrðum aðalnámskrár um þrepaskiptingu náms til stúdentsprófs sé fullnægt. Vegna smæðar skólans geta þær aðstæður komið upp að æskilegt eða jafnvel nauðsynlegt kann að reynast að

sækja nám í einstaka áfanga/áföngum til annarra skóla s.s. með fjarnámi.

7.2.3 Námsframvinna

Lágmarkseiningafjöldi til stúdentsprófs er 200 einingar. Námsstími til stúdentsprófs er áætlaður 3 ár, en getur verið sveigjanlegur. Gert er ráð fyrir að nemendur ljúki 33-34 einingum á önn. Lokaeinkunn hvers áfanga má ekki vera lægri en 5,0.

7.2.4 Námsmat

Símat er ríkjandi þáttur í námsmati skólans og er áhersla lögð á fjölbreyttar matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Leiðsegjandi mat er lykilatriði í námsmati. Umgjörð námsmats er útfært í skólanámskrá, en nánar er kveðið á um námsmat einstakra áfanga í kennsluáætlunum hverju sinni. Stöðumat er gefið þrisvar á önn í öllum námsgreinum.

7.2.5 Hæfniviðmið

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að

- að gera sér grein fyrir samfélagslegri ábyrgð sinni og nýta styrkleika sína
- að takast á við frekara nám á sviði félags- og hugvísinda og geta nýtt sér þá kunnáttu
- að nálgast verkefni á faglegan og sjálfstæðan hátt
- að beita skapandi hugsun við lausnamiðað nám
- að taka þátt í lýðræðislegri umræðu og samstarfi
- að leita raka fyrir skoðunum sínum og setja þær fram á skýran og aðgengilegan hátt
- að beita vísindalegri hugsun og aðferðum við greiningu viðfangsefna, öflun upplýsinga og úrvinnslu og túlkun þeirra
- að njóta, nýta og virða félagslegt umhverfi sitt á skynsamlegan hátt
- að greina einkenni og þróun samfélaga og gera sér grein fyrir mótunaröflum einstaklinga og hópa
- að átta sig á meginstraumum menningar, trúar, uppeldis, stjórnmála og hagþróunar í fortíð og nútíð
- að tengja námið á brautinni nærumhverfi sínu, hvort heldur er skólans eða í heimabyggð

7.2.6 Námsupsetning

Félagsvísindabraut

KJARNI SKYLDUÁFANGAR BRAUTARINNAR

Almennur kjarni

Námsgrein				ein
Brunnur	BRUN1AA01	BRUN1BB01	BRUN1CC01	3
Danska	DANS2AA05			5
Enska	ENSK2MR05			5
Íslenska	ÍSLE2LR05	ÍSLE2MÁ05		10
Þróttir	ÞRÓ1AA01	ÞRÓ1AB01	ÞRÓ1AC01	3
List og verklegar	LIVE1VA05			5
Lífisleikni	LÍFS1HA01	LÍFS1HB01	LÍFS1HC01	3
Lýðfræði	LÝÐF2AA12	LÝÐF2AB06		18
Raugreinar	RAUN1NÁ04			4
Pýska	PÝSK1AA05	PÝSK1BB05	PÝSK1CC05	15
				71

Brautarkjarni félagsvísindabrautar

Námsgrein			ein
Félagsfræði	FÉLA2K505		5
Saga	SAGA2ÍM05	SAGA3ÍM05	10
Sálfræði	SÁLF2US05		5
			20

BUNDIÐ ÁFANGAVAL

Velja 2 áfanga

Námsgrein							ein
Íslenska	ÍSLE3AK05	ÍSLE3BB05	ÍSLE3BS05	ÍSLE3FO05	ÍSLE3ÍR05		10
	ÍSLE3LU05	ÍSLE3LV05	ÍSLE3NB05	ÍSLE3VÍ05	ÍSLE3PB05		

BUNDIÐ ÁFANGAVAL

Velja 1 áfanga

Námsgrein			ein
Stærðfræði	STÆR2AM05	STÆR2RF05	5

BUNDIÐ ÁFANGAVAL

Velja 3 áfanga

Námsgrein							ein
Íslenska	ÍSLE3AK05	ÍSLE3BB05	ÍSLE3BS05	ÍSLE3FO05	ÍSLE3ÍR05		15
	ÍSLE3LU05	ÍSLE3LV05	ÍSLE3NB05	ÍSLE3VÍ05	ÍSLE3PB05		
Enska	ENSK2MY05	ENSK3BL05	ENSK3FX05	ENSK3MK05			
Stærðfræði	STÆR2AM05	STÆR2RF05	STÆR3HV05	STÆR3TF05			

BUNDIÐ PAKKAVAL

Velja 1 pakka af þremur

Námsgrein			ein
Danska	DANS1BA05		
Danska	DANS2AT05		
Pýska	PÝSK2VA05		5

BUNDIÐ ÁFANGAVAL

Velja 50 einingar

Námsgrein						ein
Aðferðafræði	ADFE3RA05					
Enska	ENSK2MY05	ENSK3BL05	ENSK3FX05	ENSK3MK05		
Félagsfræði	FÉLA2FF05	FÉLA2KY05	FÉLA3FP05			
	FÉLA3MA05	FÉLA3LM05	FÉLA3ST05			
Hagfræði	HAGF2HA05					
Heimspeki	HEIM2HK05					
Íslenska	ÍSLE3AK05	ÍSLE3BB05	ÍSLE3BS05	ÍSLE3FO05	ÍSLE3ÍR05	
	ÍSLE3LU05	ÍSLE3LV05	ÍSLE3NB05	ÍSLE3VÍ05	ÍSLE3PB05	
Saga	SAGA2IS05	SAGA2IT05	SAGA2LL05	SAGA2RS05	SAGA2TS05	
	SAGA3AL05	SAGA3BN05	SAGA3FE05			
	SAGA3KM05	SAGA3MM05	SAGA3RA05			
Sálfræði	SÁLF2AA05	SÁLF3AB05				
Stærðfræði	STÆR2AM05	STÆR2RF05	STÆR3HV05			
	STÆR3DF05	STÆR3HE05	STÆR3TF05			
Uppeldisfræði	UPPE2MS05					
Lokaverkefni	LOKABST05					
Verkefnadrið nám	VEDN2VA05					
						50

FRJÁLST VAL

24 einingar

				ein
	Frjálst val nemenda - þarf að uppfylla skilyrði um þrepaskiptingu			24

Samtals: 200 einingar

7.3 Íþróttabraut

Á íþróttabraut er lögð áhersla á gott almennt nám með sérstaka áherslu á trausta þekkingu á sviði íþrótt- og heilsufræða. Að loknu námi eiga nemendur að hafa góða undirstöðuþekkingu á áður nefndum sviðum og vera færir um að nýta sér hana við margvísleg verkefni og til frekara náms, einkum í íþrótt- og heilsufræðum. Valmöguleikar, s.s. lokaverkefni á braut, mismunandi íþróttagreinar og –fræði, gefa nemendum kost á því að sveigja námið að einhverju leyti að þörfum sínum og áhugasviðum. Á þann hátt geta þeir einnig undirbúið sig fyrir ýmisskonar framhaldsnám, t.d. með hliðsjón af fyrirbyggjandi aðgangsviðmiðum námsbrauta háskólanna enda er stúdentspróf undirbúningur fyrir háskólanám.

7.2.1 Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði á íþróttabraut eru að nemandi hafi að lágmarki einkunnina C í kjarnagreinum úr grunnskóla. Til að hefja nám á öðru þrepi í kjarnagreinum þarf nemandi að lágmarki einkunnina B í viðkomandi grein úr grunnskóla.

7.3.2 Skipulag

Nám á íþróttabraut er í bland bæði verklegt og bóklegt og fer fram ýmist í íþróttahúsi eða í skólanum. Á brautinni er lögð áhersla á nám í íþróttufræðum, þjálffræði, íþróttagreinum og starfsnámi. Kjarninn samanstendur af áföngum sem nemendur af öllum stúdentsbrautum taka en brautarkjarninn er sérkenndur fyrir íþróttabrautina. Frjálsu vali þarf að haga þannig að skilyrðum aðalnámskrár um þrepaskiptingu náms til stúdentsprófs sé fullnægt. Vegna smæðar skólans geta þær aðstæður komið upp að æskilegt eða jafnvel nauðsynlegt kann að reynast að sækja nám í einstaka áfanga/áföngum til annarra skóla s.s. með fjarnámi.

7.3.3 Námsframvinda

Lágmarkseiningafjöldi til stúdentsprófs er 200 einingar. Námsstími til stúdentsprófs er áætlaður 3 ár, en getur verið sveigjanlegur. Gert er ráð fyrir að nemendur ljúki 33-34 einingum á önn. Lokaeinkunn hvers áfanga má ekki vera lægri en 5,0.

7.3.4 Námsmat

Símat er ríkjandi þáttur í námsmati skólans og er áhersla lögð á fjölbreyttar matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Leiðsegjandi mat er lykilatriði í námsmati. Umgjörð námsmats er útfært í skólanámskrá, en nánar er kveðið á um námsmat einstakra áfanga í kennsluáætlunum hverju sinni. Stöðumat er gefið þrisvar á önn í öllum námsgreinum.

7.3.5 Starfsnám

Hluti af námi nemenda á íþróttabraut er starfsnám sem fer fram í skólum eða hjá íþróttafélögum sem eru samstarfsaðilar skólans. Nemendur skipuleggja og framkvæma íþróttakennslu/íþróttþjálfun undir handleiðslu íþróttakennara eða annara fagaðila.

7.3.6 Hæfniviðmið

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að

- að gera sér grein fyrir samfélagslegri ábyrgð sinni
- takast á við frekara nám á sviði íþrótt- og heilsufræða
- að nálgast verkefni á faglegan og sjálfstæðan hátt
- að beita skapandi hugsun við lausnamiðað nám
- að taka þátt í lýðræðislegri umræðu og samstarfi

- að leita raka fyrir skoðunum sínum og setja þær fram á skýran og aðgengilegan hátt
- að beita vísindalegri hugsun og aðferðum við greiningu viðfangsefna, öflun upplýsinga og úrvinnslu og túlkun þeirra
- geta nýtt sér kunnáttu sína í íþróttá- og heilsufræðum í mögulegri framtíðarþróun
- að njóta, nýta og virða umhverfi sitt á skynsamlegan hátt
- tengja námið á brautinni nærumhverfi sínu, hvort heldur er skóla eða heimabyggð

7.3.7 Námsupsetning

Íþróttabraut

KJARNI SKYLDUÁFANGAR BRAUTARINNAR

Almennur kjarni

Námsgrein				ein
Brunnur	BRUN1AA01	BRUN1BB01	BRUN1CC01	3
Denska	DANS2AA05			5
Enska	ENSK2MR05			5
Íslenska	ÍSLE2LR05	ÍSLE2MÁ05		10
Íþróttir	ÍPRÓ1AA01	ÍPRÓ1AB01	ÍPRÓ1AC01	3
List og verkgeinar	LIVE1VA05			5
Lífstíkni	LÍFS1HA01	LÍFS1HB01	LÍFS1HC01	3
Lýðfræði	LÝDF2AA12	LÝDF2AB06		18
Raungreinar	RAUN1NÁ04			4
				56

Brautarkjarni íþróttabrautar

Námsgrein				ein
Íþróttir	ÍPRÓ2AA01	ÍPRÓ3AA01	ÍPRÓ3AB01	3
Lífnaði	LÍFF2NF05			5
Lífnaði og lífeðlisfr.	LÍOL2LA05			5
Þjálftr./íþróttatr.	ÞJÁL2BU05	ÞJÁL2RU05		10
				23

BUNDIÐ ÁFANGAVAL Veifa 10 einingar

Námsgrein						ein
Íþróttgrein	ÍPRG2BA02	ÍPRG2BL02	ÍPRG2BO02	ÍPRG2F02	ÍPRG2GO02	
	ÍPRG2HA02	ÍPRG2KN02	ÍPRG2KÖ02	ÍPRG2KÖ02		10

BUNDIÐ ÁFANGAVAL Veifa 2 átanga

Námsgrein						ein
Íslenska	ÍSLE3AK05	ÍSLE3BB05	ÍSLE3BS05	ÍSLE3FO05	ÍSLE3R05	
	ÍSLE3U05	ÍSLE3LV05	ÍSLE3NB05	ÍSLE3V05	ÍSLE3PB05	10

BUNDIÐ ÁFANGAVAL Veifa 1 átanga

Námsgrein			ein
Stærðfræði	STÆR2AM05	STÆR2RF05	
			5

BUNDIÐ ÁFANGAVAL Veifa 3 átanga

Námsgrein						ein
Íslenska	ÍSLE3AK05	ÍSLE3BB05	ÍSLE3BS05	ÍSLE3FO05	ÍSLE3R05	
	ÍSLE3U05	ÍSLE3LV05	ÍSLE3NB05	ÍSLE3V05	ÍSLE3PB05	
Enska	ENSK2MY05	ENSK3BL05	ENSK3FX05	ENSK3MK05		
Stærðfræði	STÆR2AM05	STÆR2RF05	STÆR3HV05	STÆR3TF05		15

BUNDIÐ PAKKAVAL Veifa 1 þekka af tveimur

Námsgrein		ein
Denska	DANS1BA05	
Denska	DANS2AT05	
		5

BUNDIÐ ÁFANGAVAL Veifa 56 einingar

Námsgrein						ein
Aðferðafræði	AÐFE3RA05					
Enska	ENSK2MY05	ENSK3BL05	ENSK3FX05	ENSK3MK05		
Íslenska	ÍSLE3AK05	ÍSLE3BB05	ÍSLE3BS05	ÍSLE3FO05	ÍSLE3R05	
	ÍSLE3U05	ÍSLE3LV05	ÍSLE3NB05	ÍSLE3V05	ÍSLE3PB05	
Íþróttgrein	ÍPRG2BA02	ÍPRG2BL02	ÍPRG2BO02	ÍPRG2F02	ÍPRG2GO02	
	ÍPRG2HA02	ÍPRG2KN02	ÍPRG2KÖ02	ÍPRG2KÖ02		
Íþróttartarfnám	ÍPSN3AB02	ÍPSN3AA02				
Lífnaði	LÍFF3OY05	LÍFF3ER05	LÍFF3NF05	LÍFF3VI05	LÍFF3ÖR05	
Lífnaði og lífeðlisfr.	LÍOL3LB05	LÍOL3LC05				
Saga	SÁGA2IS05	SÁLF2US05	SÁLF3AB05			
Sálfræði	SÁLF2AA05	SÁLF2US05	SÁLF3AB05			
Stærðfræði	STÆR2AM05	STÆR2RF05	STÆR3HV05			
	STÆR3OF05	STÆR3HE05	STÆR3TF05			
Uppeldisfræði	UPPE2MS05					
Þjálftr./íþróttatr.	ÞJÁL3PA05					
Lokaverkefni	LOKA3ST05					
Verkefnadrifid nám	VEDN2VA05					
						56

FRJÁLST VAL 20 einingar

	Frjálst val nemenda - þarf að uppfylla skilyrði um prepskiptingu	20
--	--	----

Samtals: 200 einingar

7.4 Kjörsviðsbraut

Á kjörsviðsbraut er lögð áhersla á gott almennt nám með sérstaka áherslu á góða þekkingu á sérsviði að eigin vali. Að loknu námi eiga nemendur að hafa góða undirstöðuþekkingu á áðurnefndu sérsviði og vera færir um að nýta sér hana við margvísleg verkefni og til frekara náms. Valmöguleikar, s.s. lokaverkefni á braut, gefa nemendum kost á því að sveigja námið að einhverju leyti að þörfum sínum og áhugasviðum. Á þann hátt geta þeir einnig undirbúið sig fyrir ýmiskonar framhaldsnám, t.d. með hliðsjón af fyrirbyggjandi aðgangsviðmiðum námsbrauta háskólanna enda er stúdentspróf undirbúningur fyrir háskólanám. Nemendur sem nota brautina sem undirbúning fyrir bóknað nám á háskólastigi þurfa að ljúka þremur áföngum (a.m.k. 13 einingum) í þriðja tungumáli á fyrsta hæfniprepi.

7.4.1 Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði á kjörsviðsbraut eru að nemandi hafi að lágmarki einkunnina C í kjarnagreinum úr grunnskóla. Til að hefja nám á öðru prepi í kjarnagreinum þarf nemandi að lágmarki einkunnina B í viðkomandi grein úr grunnskóla.

7.4.2 Skipulag

Nám á kjörsviðsbraut getur verið bæði verklegt og bóklegt og fer fram í skólanum eða á stað sem skólinn viðurkennir. Á brautinni er lögð áhersla á nám á völdu sérsviði. Kjarninn samanstendur af áföngum sem nemendur af öllum stúdentsbrautum taka og svo tekur nemandinn áfanga í frjálsum vali á völdu sérsviði. Frjálsum vali þarf nemandinn að haga þannig að skilyrðum aðalnámskrár um þrepaskiptingu náms til stúdentsprófs sé fullnægt. Vegna smæðar skólans geta þær aðstæður komið upp að æskilegt eða jafnvel nauðsynlegt kann að reynast að sækja nám í einstaka áfanga/áföngum til annarra skóla s.s. með fjarnámi.

7.4.3 Námsframvinda

Lágmarkseiningafjöldi til stúdentsprófs er 200 einingar. Námsstími til stúdentsprófs er áætlaður 3 ár, en getur verið sveigjanlegur. Gert er ráð fyrir að nemendur ljúki 33-34 einingum á önn. Lokaeinkunn hvers áfanga má ekki vera lægri en 5,0.

7.4.4 Námsmat

Símat er ríkjandi þáttur í námsmati skólans og er áhersla lögð á fjölbreyttar matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Leiðsegjandi mat er lyklatríði í námsmati. Umgjörð námsmats er útfært í skólanámskrá, en nánar er kveðið á um námsmat einstakra áfanga í kennsluáætlunum hverju sinni. Stöðumat er gefið þrisvar á önn í öllum námsgreinum.

7.4.5 Hæfniviðmið

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að

- að gera sér grein fyrir samfélagslegri ábyrgð sinni og nýta styrkleika sína
- að takast á við frekara nám á völdu sérsviði
- að nálgast verkefni á faglegan og sjálfstæðan hátt
- að beita skapandi hugsun við lausnamiðað nám
- að taka þátt í lýðræðislegri umræðu og samstarfi
- að leita raka fyrir skoðunum sínum og setja þær fram á skýran og aðgengilegan hátt
- að beita vísindalegri hugsun og aðferðum við greiningu viðfangsefna, öflun upplýsinga og úrvinnslu og túlkun þeirra
- að njóta, nýta og virða umhverfi sitt á skynsamlegan hátt
- að tengja námið á brautinni nærumhverfi sínu, hvort heldur er skólans eða í heimabyggð

7.4.6 Námsuppsetning

Kjörsviðsbraut

KJARNI SKYLDUÁFANGAR BRAUTARINNAR

Almennur kjarni

Námsgrein				ein
Brunnur	BRUN1AA01	BRUN1BB01	BRUN1CC01	3
Danska	DANS2AA05			5
Enska	ENSK2MR05			5
Íslenska	ÍSLE2LR05	ÍSLE2MÁ05		10
Íþróttir	ÍPRÓ1AA01	ÍPRÓ1AB01	ÍPRÓ1AC01	3
List og verkgeinar	LIVE1VA05			5
Lífsleikni	LÍFS1HA01	LÍFS1HB01	LÍFS1HC01	3
Lýðfræði	LYÐF2AA12	LYÐF2AB06		18
Raungreinar	RAUN1NÁ04			4
				56

BUNDIÐ ÁFANGAVAL Velja 2 áfanga

Námsgrein						ein
Íslenska	ÍSLE3AK05	ÍSLE3BB05	ÍSLE3BS05	ÍSLE3FO05	ÍSLE3ÍR05	
	ÍSLE3LI05	ÍSLE3LV05	ÍSLE3NB05	ÍSLE3VÍ05	ÍSLE3PB05	
						10

BUNDIÐ ÁFANGAVAL Velja 1 áfanga

Námsgrein			ein
Stærðfræði	STÆR2AM05	STÆR2RF05	
			5

BUNDIÐ ÁFANGAVAL Velja 3 áfanga

Námsgrein						ein
Íslenska	ÍSLE3AK05	ÍSLE3BB05	ÍSLE3BS05	ÍSLE3FO05	ÍSLE3ÍR05	
	ÍSLE3LI05	ÍSLE3LV05	ÍSLE3NB05	ÍSLE3VÍ05	ÍSLE3PB05	
Enska	ENSK2MY05	ENSK3BL05	ENSK3FX05	ENSK3MK05		
Stærðfræði	STÆR2AM05	STÆR2RF05	STÆR3HV05	STÆR3TF05		
						15

BUNDIÐ PAKKAVAL Velja 1 pakka af þremur

Námsgrein			ein
Danska	DANS1BA05		
Danska	DANS2AT05		
Þýska	ÞÝSK2VA05		
			5

Kjörsvið 60 einingar

Kjörsvið			ein
	Kjörsvið nemenda		60

FRJÁLST VAL 49 einingar

Frjálst val			ein
	Frjálst val nemenda - þarf að uppfylla skilyrði um þrepaskiptingu og þriðja tungmál ef um bóklega sérhæfingu er að ræða		49

Samtals: 200 einingar

7.5 Náttúruvísindabraut

Á náttúruvísindabraut er lögð áhersla á gott almennt nám með sérstaka áherslu á trausta þekkingu á sviði náttúru-, raunvísinda og stærðfræði. Að loknu námi eiga nemendur að hafa góða undirstöðuþekkingu á áðurnefndum sviðum og vera færir um að nýta sér hana við margvísleg verkefni og til frekara náms, einkum í náttúru- og raunvísindum. Valmöguleikar, s.s. lokaverkefni á braut, gefa nemendum kost á því að sveigja námið að einhverju leyti að þörfum sínum og áhugasviðum. Á þann hátt geta þeir einnig undirbúið sig fyrir ýmiskonar framhaldsnám, t.d. með hliðsjón af fyrirbyggjandi aðgangsviðmiðum námsbrauta háskólanna enda er stúdentspróf undirbúningur fyrir háskólanám.

7.5.1 Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði á náttúruvísindabraut eru að nemandi hafi að lágmarki einkunnina C í kjarnagreinum úr grunnskóla. Til að hefja nám á öðru þrepi í kjarnagreinum þarf nemandi að lágmarki einkunnina B í viðkomandi grein úr grunnskóla.

7.5.2 Skipulag

Nám á náttúruvísindabraut er fyrst og fremst bóklegt og fer fram í skólanum. Á brautinni er lögð áhersla á nám í stærðfræði, raun- og náttúruvísindum. Kjarninn samanstendur af áföngum sem nemendur af öllum stúdentsbrautum taka en brautarkjarninn er sérkenndur fyrir náttúrufræðibraut. Frjálsu vali þarf nemandinn að haga þannig að skilyrðum aðalnámskrár um þrepaskiptingu náms til stúdentsprófs sé fullnægt. Vegna smæðar skólans geta þær aðstæður komið upp að æskilegt eða jafnvel nauðsynlegt kann að reynast að sækja nám í einstaka áfanga/áföngum til annarra skóla s.s. með fjarnámi.

7.5.3 Námsframvinda

Lágmarkseiningafjöldi til stúdentsprófs er 200 einingar. Námsstími til stúdentsprófs er áætlaður 3 ár, en getur verið sveigjanlegur. Gert er ráð fyrir að nemendur ljúki 33-34 einingum á önn. Lokaeinkunn hvers áfanga má ekki vera lægri en 5,0.

7.5.4 Námsmat

Símat er ríkjandi þáttur í námsmati skólans og er áhersla lögð á fjölbreyttar matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Leiðsegjandi mat er lykilatriði í námsmati. Umgjörð námsmats er útfært í skólanámskrá, en nánar er kveðið á um námsmat einstakra áfanga í kennsluáætlunum hverju sinni. Stöðumat er gefið þrisvar á önn í öllum námsgreinum.

7.5.5 Hæfniviðmið

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að

- að gera sér grein fyrir samfélagslegri ábyrgð sinni
- að takast á við frekara nám á sviði raunvísinda og stærðfræði
- að nálgast verkefni á faglegan og sjálfstæðan hátt
- að beita skapandi hugsun við lausnamiðað nám
- að taka þátt í lýðræðislegri umræðu og samstarfi
- að leita raka fyrir skoðunum sínum og setja þær fram á skýran og aðgengilegan hátt
- að beita vísindalegri hugsun og aðferðum við greiningu viðfangsefna, öflun upplýsinga og úrvinnslu og túlkun þeirra
- að geta nýtt sér kunnáttu sína í náttúru- og raunvísindum í mögulegri framtíðarþróun
- að njóta, nýta og virða umhverfi sitt á skynsamlegan hátt
- að tengja námið á brautinni nærumhverfi sínu, hvort heldur er skólans eða í heimabyggð

7.5.6 Námsupsetning

Náttúruvísindabraut

KJARNI SKYLDUÁFANGAR BRAUTARINNAR

Almennur kjarni

Námssgrein				ein
Brunnur	BRUN1AA01	BRUN1BB01	BRUN1CC01	3
Danska	DANS2AA05			5
Enska	ENSK2MR05			5
Íslenska	ÍSLE2LR05	ÍSLE2MÁ05		10
Íþróttir	ÍÞRÓ1AA01	ÍÞRÓ1AB01	ÍÞRÓ1AC01	3
List og verkgeinar	LIVE1VA05			5
Lífisleikni	LÍFS1HA01	LÍFS1HB01	LÍFS1HC01	3
Lýðfræði	LÝÐF2AA12	LÝÐF2AB06		18
Raugreinar	RAUN1NÁ04			4
Þýska	ÞÝSK1AA05	ÞÝSK1BB05	ÞÝSK1CC05	15
				71

Brautarkjarni náttúruvísindabrautar

Námssgrein						ein
Raugreinar	EFNA2AE05	EDLI2HR05	LÍOL2LA05	JARÐ2AJ05		20
Stærðfræði	STÆR2AM05	STÆR2RF05	STÆR3HV05	STÆR3DF05	STÆR3HE05	25
						45

BUNDIÐ ÁFANGAVAL

Velja 2 áfanga

Námssgrein							ein
Íslenska	ÍSLE3AK05	ÍSLE3BB05	ÍSLE3BS05	ÍSLE3FO05	ÍSLE3ÍR05		
	ÍSLE3LI05	ÍSLE3LV05	ÍSLE3NB05	ÍSLE3VÍ05	ÍSLE3ÞB05		
							10

BUNDIÐ ÁFANGAVAL

Velja 1 áfanga

Námssgrein			ein
Danska	DANS1BA05	DANS2AT05	
Þýska	ÞÝSK2VA05		
			5

BUNDIÐ ÁFANGAVAL

Velja 50 einingar

Námssgrein						ein
Aðferðafræði	AÐFE3RA05					
Eðlisfræði	EDLI2ST05	EDLI3AE05	EDLI3HL05	EDLI3RO05	EDLI3VP05	
Efnafræði	EFNA3AE05	EFNA3LE05	EFNA3LR05			
Enska	ENSK2MY05	ENSK3BL05	ENSK3FX05	ENSK3MK05		
Íslenska	ÍSLE3AK05	ÍSLE3BB05	ÍSLE3BS05	ÍSLE3FO05	ÍSLE3ÍR05	
	ÍSLE3LI05	ÍSLE3LV05	ÍSLE3NB05	ÍSLE3VÍ05	ÍSLE3ÞB05	
Jarðfræði	JARÐ3VH05					
Líffræði	LÍFF3DÝ05	LÍFF3ER05	LÍFF3VI05	LÍFF3ÖR05		
	LÍFF2NF05	LÍFF3NF05				
Líffæra og lífeðlisfr	LÍOL3LB05	LÍOL3LC05				
Saga	SAGA2IT05					
Stærðfræði	STÆR3FY05	STÆR3SS05	STÆR3TD05	STÆR3TF05		
Lokaverkefni	LOKA3ST05					
Verkefnadrifið nám	VEDN2VA05					
						50

FRJÁLST VAL

19 einingar

		ein
	Frjálst val nemenda - þarf að uppfylla skilyrði um þrepaskiptingu	19

Samtals: 200 einingar